

RISA STÓRAR smá SÖGUR





Efnisyfirlit

	Sögur eru allsstaðar	
	Gunnar Helgason – Formáli	4
★	Bókavandræði	
	Árni Hrafn Hallsson, 9 ára	6
★	Hliðarheimur ímyndunaraflsins	
	Kristján Nói Kristjánsson, 11 ára	8
	Svarti Pétur	
	Aníta Lea Gylfadóttir, 8 ára	11
	Stóra saltstangavandamálið	
	Helena Lind Guðmundsdóttir, 10 ára	13
	Refurinn þinn	
	Agnes Ísabella Jónasdóttir, 8 ára	17
	Ég opnaði dyrnar	
	Þorsteinn Jakob Jónsson, 7 ára	20
	Kötturinn og músin	
	Agla Eik Frostadóttir, 8 ára	22
★	Bella og dularfulla mamman	
	Eyvör Stella Þeba Guðmundsdóttir, 11 ára	24
	Hamsturinn Hnoðri	
	Jónas Bjartur Þorsteinsson, 9 ára	40
	Emma eignast vin	
	Matthildur Emma Svövdóttir, 7 ára	42
★	Gimsteinninn	
	Jakobína Lóa Sverrisdóttir og Vigdís Magnúsdóttir, 7 ára	46
★	Geimveran og vinir hennar	
	Sara Maren Jakobsdóttir, 8 ára	56
	Lifandi boltinn	
	Einar Jósef Flosason, 6 ára	60
	Ég heiti Áróra	
	Pálína Arinbjarnardóttir Hofmann, 11 ára	62
	Anna og Lísá	
	Matthías Helgi Garðarsson, 5 ára	65
	Dimmi hellirinn	
	Arthur Lúkas Soffíuson, 10 ára	66



Dularfulli hellirinn

Una Björg Davíðsdóttir, 10 ára 69

Englar

Dagný Sara Viðarsdóttir, 12 ára 72

Fjallgangan

Febrún Sól Arnardóttir, 8 ára 75

Flutningur

Hrafnar Jökull Kristinsson, 9 ára 78

Kirkjuturninn

Hulda Guðbjörg Hannesdóttir, 10 ára 80

Jólasaga

Ásta Rún Jóhannsdóttir, 7 ára 82

Rófulausi hundurinn og hárlausi kötturinn

Embla Guðný Jónsdóttir, 11 ára 84

Bláa kindin

Ástrós Inga Jónsdóttir, 8 ára 86

Spiladósín

Alma Bergros Hugadóttir, 11 ára 89

Litlar hetju

Anný Elísabet Jónasdóttir, 10 ára 92

Refurinn og maðurinn

Baldvín Barri Guðmundsson, 9 ára 95

Án titils

Signý Þorlaug Gísladóttir, 7 ára 98

Sjóræninginn

Amelía Anna Söndrudóttir Dudziak, 10 ára 100

Draugaskólinn

Pálína Sara Guðbrandsdóttir, 10 ára 103

Elegt God

Jóhann Valur Björnsson, 12 ára 105

Heimsendir

Karen Hulda Finnsdóttir, 10 ára 117

Án titils

Kolfinna Traustadóttir, 8 ára 121

★ **Hættuspil**

Sölvi Martinsson Kollmar, 12 ára 126

Sögur eru allsstaðar

Við segjum hvert öðru sögur allan liðlangan daginn. Nú, eða lesum, hlustum og horfum á þær. Þær eru allt í kringum okkur. Þær sveima í kringum okkur og bíða þess að við grípum þær og komum þeim áfram til næstu manneskju.

Sumar sögur eru sagðar oft og mörgum sinnum, verða stórar, feitar og sællegar. Þær breytast jafnvel örlítið þegar einhver nýr segir þær. Verða fallegri eða ljótari, rólegri eða meira spennandi. Þær eru alltaf lifandi og síbreytilegar.

Aðrar sögur leynast í kringum okkur en hafa aldrei verið sagðar. Slíkar sögur flögra yfirleitt nálægt börnum því ímyndunarafli þeirra er gjör-samlega óbeislað. Börnin grípa sögurnar á lofti og nota þær kannski bara í leik inni í herbergi. Stundum segja þau fjölskyldunni sögurnar eða bara mömmu og pabba í skutlinu á æfingu.

Síðan eru sumir sem festa sögurnar á blað svo hægt sé að lesa þær aftur og aftur. Allir geta gert það en það hjálpar að hafa réttu verkfærin og þekkja aðferðir sem hjálpa til við söguveiðarnar og við að koma sögunum frá sér.

Til þess var Söguverkefnið sem börn fengu að kynnast á KrakkaRÚV í vetur. Rithöfundar og aðrir sérfræðingar í sagnagerð deildu sínum aðferðum og lánuðu verkfærin sín svo börn myndu sinni sagnarödd farveg.

Þessi bók hefur að geyma sögur sem börn hafa gripið, mótað og sett niður á blað svo fleiri geti notið þeirra. Þær bera þess vitni hversu fjörukt ímyndunarafl höfundarnir hafa og hversu ólíkar og fjölbreyttar hugmyndir barna eru. En fyrst og fremst hversu ótrúlega skapandi þau eru.

Þessar sögur eru að minnsta kosti óge-he-ðslega skemmtilegar.

Góða skemmtun
Gunnar Helgason.



Bókavandræði

1. kafli

Ég heiti Árni Hrafn.

Ég lít á skóna mína og sé að ég er ekki með fætur. En skrítið ég hef alltaf verið með fætur. Þá sé ég að ég er bók. Ég er í hillu og það er einhver annar ég. Ég er Aladín bókin, það er rosa skrítið.

Ég hef aldrei viljað lesið þessa bók, kannski var Guð leiður af því að ég las hana aldrei. En ef Guð er leiður af hverju gerir hann þetta enn verra. Ég hélt að Guð væri góður við alla en núna ekki við mig.

Núna veit ég að maður á að hugsa um bækur og gefa þeim séns. Þannig getur maður lært mikið, til dæmis ný orð. Ef þú ætlar að skrifa bók þá þartu að vita um hvað þú ert að skrifa.

Núna heyri ég einhvern tala. *Bókafundur! Bókafundur!* Heyri ég. *Það er ekki enn þá búíð að lesa Aladín!* *Greyið Aladín minn, komdu!* Ég er ekki Aladín, Guð breytti mér í hann, hann Guð á að vera góður við alla segi ég.



Ó, bíddu ég gleymdi að kynna mig, ég heiti Matreiðslubók pizzeria og er kölluð Pizzeria. Og núna verðum við að bjarga bókunum áður en að bækurnar verða manneskjur, segir Pizzeria. Ég heiti Árni, segir Aladín bókin.

2. kafli

Pizzeria um hvað ert þú? spyr ég. Það kom mér á óvart hversu fræðandi mér fannst það sem Pizzeria sagði mér. Mér finnst þú fræðandi, má ég lesa þig? Já já, þú mátt það alveg. Og skyndilega fannst mér eins og fætturnir byrjuðu að vaxa aftur. Ég er með fætur og það er kominn búkur. Ég er manneskja! Takk fyrir Pizzeria, ég hefði aldrei getað þetta án þín!

Ég vakna mennskur og þá fatta ég að þetta er draumur. Núna veit ég að ég á að gefa öllum bókum séns. Allar bækur eiga það skilið að láta lesa sig. Líka Aladín bækur.



Hliðarheimur ímyndunaraflsins

Páll var ellefu ára grunnskólanemandi sem dreymdi um að verða geimfari. Hann bjó með foreldrum sínum í litlu húsi. Honum fannst gaman að skrifa smásögur í frístundum en foreldrar hans voru mikið í vinnunni og höfðu lítinn tíma fyrir sögurnar hans.

Einn daginn var Páll í göngutúr í miðbænum en honum til undrunar sá hann þar engan. Venjulega voru búðirnar troðfullar af fólki. Hann fann á sér að hér var ekki allt með feldu. Hann kíkti í eina búðina sem stóð auð. Ekki einu sinni starfsfólkið lét sjá sig. Samt átti búðin að vera opin. Allt í einu heyrðist hvellur úti. Hann hljóp út. Þar var risastór geimflaug. Hann mundi ekki eftir að hún hefði verið þarna áðan. Hann nuddaði augun. Þegar hann opnaði þau aftur var hann kominn inn



í vélina og í geimfarabúning. Hvað er að gerast? hugsaði hann. Hann hafði alltaf langað upp í geim en var hann ekki of ungur? Hann nuddaði augun aftur og hann var kominn út.

Hann skyldi ekkert hvernig þetta hafði gerst en vissi þó að hann gæti bara nuddað augun og þá var hann fluttur á aðra staði. Vel á minnst, hvert var hann kominn? Hann sat á kaffihúsi og það var kaka á disknum hans með miklum rjóma. Hann leit í kringum sig. Öll borðin voru auð nema eitt. Þarna sat einhver. Hann var að lesa fréttablað.

„Afsakið, veist þú hvar ég er?“ kallaði hann til mannsins. Maðurinn lokaði blaðinu og labbaði að Páli.

„Þú ert í hliðarheimi ímyndunaraflsins. Viltu gefa mér vatnsglas, takk?“

„Vatnsglas?“ Allt í einu hélt maðurinn á glasi fullu af vatni.

„Ó, takk“, sagði maðurinn.

„Hvaðan kom þetta vatn?“

„Úr ímyndunaraflinu þínu auðvitað, þú ræður öllu hér.“



„Í alvöru? Ert þú ímyndaður?“

„Já og já, þú ræður hvert við förum og hvað við gerum.“

„Allt í lagi en mig langar bara heim. Ég ímynda mér að ég komist heim!“

Þegar Páll opnaði augun var hann enn á kaffihúsinu.

„Þú getur ekki ímyndað þér að þú komist heim. Þú getur bara ímyndað þér göng heim.“

„Allt í lagi, ég ímynda mér göng heim.“

Þá birtust bláar dyr að herbergi Páls.

„Vá, formlegt,“ sagði maðurinn kaldhæðnislega. Páll gekk í gegnum dyrnar. Hann nuddaði augun en ekkert gerðist. Hann var kominn úr hliðarheimi ímyndunaraflsins en hann saknaði þess samt að geta ráðið yfir öllu.



Svarti Pétur

Ég heiti Fróði Friðbert og mér finnst gaman í fótbolta. Ég er 12 ára gamall. Einu sinni kvaddi ég mömmu og rölti af stað til pabba. Við ætluðum að prófa nýja fótboltann minn. Mamma bað mig að passa mig á Svarta Pétri en hann er leiðinlegur strákur sem er svo hrifinn af fótbolta. Hann tekur af manni boltann og sýnir manni hvað hann er klár. Ég vonaðist til að mæta honum ekki en skyndilega sá ég hann. Ég reyndi að drífa mig fram hjá honum án þess að hann tæki eftir mér.

En hann tók eftir mér. Svarti Pétur leit við og sá mig. Svo tók hann boltann af mér og sýndi hvað hann væri góður með boltann. Þá reyndi ég að ná boltanum af honum en mér tókst það ekki því hann var of góður. Svo fór hann í burtu og tók boltann með sér. Ég fór á eftir honum og reyndi að taka boltann af honum en hann hljóp heim til sín og sagði fjölskyldunni að hann væri kominn með bolta. Þau fóru út að leika sér í fótbolta og svo kom ég að húsinu og reyndi að ná boltanum af þeim. Í fyrstu náði ég honum ekki en að lokum



tókst mér það og hljóp aftur inn í skóginn. Ég hljóp stíginn sem lá til pabba og Svarti Pétur og fjölskylda hans eltu mig. Loks kom ég til pabba og dreif mig inn. Hann vildi endilega fara strax í fótbolta. Þá kom fjölskyldan einmitt hlaupandi og Svarti Pétur sagðist eiga boltann. En ég sagði að hann hefði tekið boltann af mér og að boltinn væri minn. Pabbi trúði mér og sagði að við gætum öll spilað fótbolta. Svo fórum við öll saman í fótbolta og lékum okkur vel.

Pabbi varð óheppinn því Svarti Pétur tæklaði hann en Svarti Pétur þrusaði boltanum í eigið mark og skoraði þar með sjálfsmark. Ég hjálpaði pabba upp og leiddi hann út af vellinum og hann hvíldi sig þar. Þá var ég bara einn á móti fjölskyldunni. Ég fór fram á völlinn, Svarti Pétur var með boltann og þegar hann gleymdi að sóla mig þá fór ég í hann. Þá fór hann fram fyrir mig og ég sólaði hann. Ég hljóp áfram og náði að dúndra boltanum í höndina á markmanninum sem var pabbi Svarta Péturs. Þar sem fjölskyldan var ekki sterk þá flaug boltinn í höndina og beint inn í mark.



Stóra saltstangavandamálið

Vindurinn ýlfraði og gólaði og Lúðvík gat ekki sofnað. Hann stóð upp náði í stafinn sinn, tók hann upp og ... borðaði hann. „Það er eitthvað skrýtið trúbragð af þessari saltstöng“ sagði hann. „Æææ, ég braut tönn.“ Lúðvík kíkti á saltstöngina og sá að þetta var ekki saltstöng heldur stafurinn hans. Síðan fór Lúðvík fúll í háttinn. Hann Lúðvík átti tvær dætur þær Emblu og Öldu. En reyndar átti hann ekki bara tvær dætur heldur 14 stelpur og 17 stráka. Þegar Lúðvík vaknaði voru Embla og Alda að horfa á mynd og borða saltstangir. Lúðvík reif af þeim pakkann með saltstöngunum og henti honum í ruslið. Stelpurnar urðu mjög hissa og spurðu hvers vegna hann hefði hent pakkannum. „Ooo ...“ hvað átti hann núna að segja? Hann ákvað að plata þær!



„Eeehhh ... þarna ... Jói frændi, hann borðaði svo mikið af saltstöngum að hann lamaðist!“
„Ó mæ, god!!!“ görguðu þær.
„Er ekki allt í lagi með hann?“ gaulaði Alda.
„Hvenær gerðist þetta?“ gargaði Embla.
„Ööm ...“ stamaði Lúðvík „... í gær.“
„Hringjum í hann,“ sögðu þær og náðu í símann.
„Nei!“ öskraði hann, „hann er uppi á spítala.“
„Förum þá upp á spítala.“
„Nei, hann er að hvíla sig.“
„Ókei,“ sögðu þær.
Næst fór Lúðvík út í búð. Stelpurnar hringdu í Jóa og spurðu hann hvort það væri ekki allt í lagi með hann.
„Ha, í lagi með mig?“ sagði hann. „Haldið þið að það sé eitthvað að mér?“
„Já, ertu ekki uppi á spítala?“
„Spítala? Nei stelpur, hvaða rugl er þetta?“
„Æi, Jói hættu að plata.“
„Ég er ekki að plata, komið bara heim til mín og sjáið sjálfar.“ En á meðan þær fóru heim til Jóa datt Jói fram af svölunum og rifbeinsbrotnaði!!!



Nú voru stelpurnar komnar og dingluðu dyra-
bjöllunni en enginn kom til dyra. Stelpunum
fannst þetta eitthvað skrýtið svo að þær gáðu út
í garð og sáu Jóa liggjandi á maganum á stéttinni.
Stelpurnar hringdu strax á sjúkrabíl.

„Neyðarlínan, góðan dag, get ég aðstoðað?“

„Já, frændi okkar datt af svölunum heima
hjá sér.“

„Allt í lagi, hvað er heimilisfangið hjá honum?“

„Það er Berjagata 7.“

„Já við komum fljótt.“ Núna var sjúkrabíllinn
kominn og Jói var borinn inn í sjúkrabíllinn
og skutlað upp á spítala. Lúðvík var kominn úr
búðinni og stelpurnar voru á leiðinni heim. Þegar
þær komu heim kölluðu þær á Lúðvík.

„Pabbi komdu.“

„Já ég er að koma.“

„Í fyrsta lagi er Jói ekki lamaður, í öðru lagi var
hann ekki upp á spítala og í þriðja lagi erum við
ekki að plata,“ sögðu þær. En Lúðvík sneri bara
út úr.

„Stelpur, viljið þið heitt kakó?“



„Pabbi segðu nú satt, hvað gerðist?“ Það var löng þögn.

„Allt í lagi, ég skal segja satt. Sko, þetta byrjaði svona, ég gat ekki sofnað svo ég stóð upp og ætlaði að ná mér i saltstöng en í staðinn tók ég stafinn minn og borðaði hann. Mér fannst skrítið trébragð af saltstönginni! Svo braut ég tönn og vildi ekki segja ykkur það.“

„Ha ha ha ha,“ stelpurnar hlógu og hlógu og hlógu.

„Hvernig er hægt að borða saltstöng sem er svona stór? Ég ætla að kalla þig Lúðvík stafagleypi, ha ha ha!“

„Stopp!“ öskraði Lúðvík, „Ég gerði þetta óvart. Kannski kem ég í fréttunum og verð frægur um allan heim! Það verða gerðir bolir og auglýsingar um mig út um allt. Ég vildi óska þess. Maður veit ekki alltaf hvað gerist.“

Tveim mánuðum seinna rættist óskin!



Refurinn þinn

Þessi saga fjallar um þig. Og hún gerðist í sveit. Það var snjór úti og þú varst hjá frænku þinni. Einn góðan snjódag vaknaðir þú við frænku þína. Hún var eitthvað að bardúsa í eldhúsinu. Þú reist upp og horfðir á klukkuna, ónei! Hún var orðin hálf átta!

Þú fórst í föt og borðaði óhollan morgunmat. Frænka leyfði þér alltaf að fá óhollan morgunmat.

Eftir morgunmatinn klæddir þú þig vel og fórst af stað. Þegar þú varst rétt komin að kjarrinu við Heimahól sástu ref. Þú labbaðir rólega til hans.

Hann kom á móti. Og hoppaði í fangið þitt. Þið urðuð strax bestu vinir. Þú heimsóttir refinn daglega næstu daga. Stundum færðir þú honum bita úr eldhúsi frænku þinnar.

Dag einn þegar þú fórst á fætur ... fannst þér dagurinn eitthvað öðruvísi. Að venju fékkstu þér morgunmat, klæddir þig, nældir í kótilettu frá því



kvöldinu áður og lagðir af stað. Þú komst fljótlega að því að þetta ... var ... versta stund æfi þinnar ...

Refurinn var HORFINN!!! Vikan leið og þetta var versta vika æfi þinnar.

Dag einn þegar þú labbaðir heim úr skólanum sástu mann með byssu.

Þú sagðir: „Hvað ert þú eiginlega að gera?“ Maðurinn svaraði með hásum rómi:

„Ég sá tófu og ég ætla skjóta hana.“ Þú sagðir: „Heyrðu nú mig, hættu því strax!!!“ Maðurinn svaraði reiður, „Ég geri það sem ég vil.“

Maðurinn gekk í burtu. Þú hélst áfram, þá sástu svolítið ótrúlegt. Það var refurinn. Hann var þarna heill á húfi. Refurinn rölti í áttina til þín en þú reyndir að reka hann burt. „Farðu áður en byssukallinn sér þig!“ En það var um seinan. Næst sástu veiðimanninn þar sem hann miðaði byssunni sinni á REFINN!!! Á síðustu stundu stökk refurinn í fangið á þér en byssuskotið kom hraðar og hraðar. Þú fórst frá. BYSSUSKOTIÐ BEYGDÍ!!! Þú byrjaðir að syngja uppáhalds lagið þitt því það róaði þig. Þá gerðist svolítið stórkostlegt.



Byssuskotið hægði á sér, flaut um stund í loftinu og sneri svo loks við! Veði maðurinn öskraði af reiði og skaut öllum skotunum úr byssunni sinni.

Þú söngst hærra og hærra. Skotin stöðvuðust en í stað þess að snúa við þá sprungu þau öll. Þú hljópst heim til frænku og hringdir í lögregluna. Þú varst agndofa þegar þú komst að því að maðurinn var þjófur. Hann var á flóttu og hafði verið að reyna veiða sér í matinn því í búðinni gat einhver þekkt hann.

Það voru sardínur í dós í kvöldmat. Þú gafst refnum eina dós á meðan þú veltir fyrir þér hvernig þér hefði dottið í hug að syngja. Svo fékkst þú þér eina.

Þegar þú opnaðir hana þá sástu nokkuð skrítið. Allt í einu áttaðir þú þig á hvers vegna söngurinn bjargaði þér.

Hvað gerist næst? Notaðu ímyndunaraflið.



Ég opnaði dyrnar

Einu sinni var ég að horfa á sjónvarpið og tók allt í einu eftir því að dyrnar niðri í kjallara voru lokaðar en venjulega eru þær alltaf opnar. Það voru rosalega mikil læti fyrir innan hurðina, alveg eins og það væri eitthvað að detta og brotna og ég þorði ekki að opna. En svo bilaði sjónvarpið skyndilega svo ég varð að fara niður í kjallara og reyna að laga tölvuna þar, af því að hún er tengd í sjónvarpið. Myndin sem ég var að horfa á var nefnilega svo rosalega spennandi.

Ég fór niður stigann og lætin voru orðin meiri, núna var eins og það væru margar litlar sprengingar og í gegnum lítið gat á hurðinni gat ég séð að þar voru græn ljós og það var eins og þau sveifluðust fram og til baka. Ég teygði mig í hurðarhúninn og var bæði hræddur en líka spenntur og þá allt í einu, með miklum látum, opnuðust dyrnar og út kom hundurinn minn, hann Snati! Hann gelti svo svakalega hátt að



Það var eins og sprengingar og græna ljósið reyndist vera ljósið á tölvunni að blikka á fullu.

Kjallarinn var allur í ryki og drullu, það hafði dottið box á gólfið fullt af ljósaperum og glerbrot út um allt. Snati, hundurinn minn hafði horfið í gær en ratað aftur heim, troðið sér innum gluggann í kjallaranum, hrint niður kössum og rifið tölvuna úr sambandi. Ég tók til í kjallaranum, sópaði glerbrotunum og náði að gera við tölvuna á meðan Snati fór að fá sér að borða, hann var svo svangur að smjattið og kjammsið heyrðist útum allt. Svo horfðum við saman á sjónvarpið. Það var mynd um riddara að drepa dreka.



Kötturinn og músin

Einu sinni var lítill og sætur köttur sem hét Pétur Pan, hann var mikill dýravinur og honum fannst mýs ótrúlega skemmtilegar.

Dag einn var Pétur Pan á ferð um bæinn. Það var sól og veðrið var gott, himinninn heiður og engin ský að sjá. Pétur var í feluleik við Mjása sem var bróðir hans. Mjási var hann í leiknum og Pétur átti að fela sig. Hann var vanur að Mjási ynni alltaf í feluleik og núna langaði hann að finna sér reglulega góðan felustað þar sem Mjási gæti aldrei fundið hann. Hann hugsaði málið lengi og mundi þá eftir gömlu göngubrúnni, það væri örugglega góður felustaður, hugsaði hann.

Þegar hann lá undir risastóru göngubrúnni heyrði hann einhvern kalla á hjálp. Hann hlustaði vel og heyrði í villiketti. Pétur Pan stökk af stað því



hann vildi koma til bjargar þeim sem var að kalla á hjálp. Hann faldi sig og sá þá villikött með mús í kjaftinum. Músin var ekki dáin, það var hún sem var að hrópa á hjálp. En þá kom annar villiköttur og þeir fóru að slást um músina. Á meðan læddist Pétur á tánum í átt að músinni. Hann tók músina og setti hana á öruggan stað.

„Æ ætt! Laarrþþú a aððéétta ammi igg?“ stamaði músin.

„Nei, auðvitað ekki,“ svaraði Pétur.

„Ætlar þú ekki að éta mig?“ spurði músin aftur.

„Nei, einu sinni bjargaði mús lífi fjölskyldu minnar.“

„Er það?“ spurði músin.

„Já, og meðan ég man þá heiti ég Pétur Pan.“

„Ég heiti Karlotta Rós en þú mátt kalla mig Karlottu.“

„Karlotta vilt þú koma heim með mér?“ spurði þá Pétur Pan.

„Jáháháhá, það vil ég gjarnan,“ hrópaði Karlotta. Svo fóru þau heim til Péturs Pan. Eftir það voru þau bestu vinir að eilífu.



Bella og dularfulla mamman

Hæ, ég heiti Elísabet en er kölluð Bella. Ég veit ekki af hverju en mamma segir að ég hafi ekki getað sagt Elísabet, svo hún byrjaði að kalla mig Bellu og það finnst mér bara best. Ég er brúneygð og með brúnt skollitað hár með bláum strípum. Ég bý í Reykjavík í einbýlishúsi. Ég er nýflutt þangað og á engin gæludýr. Ég bjó á Húsavík og þá átti ég kött sem hét Bangsi en mamma fann betra og stæra hús í Reykjavík svo við þurftum að gefa hann. Skömmu eftir það varð hann fyrir bíl. Hvíl í friði, Bangsilíus, þú varst góður kisi, amen. Hættum að tala um þetta annars tárast ég.

Í dag er 25. janúar en ég ætla að segja þér hvað gerðist þann 17. október. Það er rosa skemmtileg saga, eða þú veist, eins og fullorðnir segja, það var rosa skemmtilegur atburður, hahaha þarna hljómadí ég eins og mamma. Ég byrja núna á sögunni.

Ég var við matarborðið að bíða eftir soðinni ýsu, ojj, mér finnst ýsa svo vond að ég fæ óbragð



Í munninn við það eina að segja ýsa. Ýsa, ojj, ýsa, ojj, og svo framvegis og svo framvegis en áfram með söguna. Mamma var að steikja vonða ýsu frá eldum vitlaust (eða eldum rétt en samt er þetta allt vondur matur, nema taco-ið því uppáhalds maturinn minn er taco). Ég var að tuða í mömmu um að fá gæludýr eða til þess að vera nákvæmari, hund eða hvolp. Því miður var eina svarið sem ég fékk eitt stórt nei, alls ekki bara stórt heldur risavaxið NEI. Ég var fúl út í mömmu og ég vildi ekki fisk í hverri viku ég vildi taco alla daga, það væri best. Ég var enn fúlli við tilhugsunina að fá fisk í hvert mál alla daga og ég vildi ekki borða. Ég vildi bara fara inn í herbergið mitt og fara í spjaldtölvuna í leik eða hlusta á Justin Bieber.

Ég stóð upp frá borðinu og sagði mömmu rólega að ég væri ekki svöng. Mamma svaraði til baka rólega að henni væri alveg sama og að þá væri bara til meira fyrir hana. Ég dröslaði mér inn í herbergið mitt og henti mér á rúmið. Af hverju varð mamma ekki reið og pirruð þegar ég vildi ekki fiskinn? Var hún á einhverju námskeiði? Mér fannst það bara fínt því mamma æsti sig allt of



mikið þegar ég vildi ekki fisk eða kannski var hún loksins búin að fatta að fiskur væri óhollur fyrir mig? Nei, kannski ekki því annars væri nammi hollt fyrir mig og það veit mamma fyrir víst að svo er ekki, því einu sinni borðaði ég ALLTOF mikið af nammi og gubbaði í tvo daga og þegar ég segi ALLTOF þá meina ég um svona 1-2 kíló.

Ég var að gista hjá Sonju. Hún bauð mér, Andreu og Rakel. Það var æðislegt. Við vöktum lengi og horfðum á bíómynd sem hét Ófeigur sem var um hrekkjóttan draug. Þetta var íslensk bíómynd og Laddi lék drauginn. En hvað um það, ég gubbaði í tvo daga sem var bæði gott og slæmt. Það góða var að það var stafsetningarpróf en ég slapp því miður bara við það í einn dag en það vonda var að ég gubbaði svo mikið að mér var orðið illt í hálsinum og ég hafði engan til að spjalla við því mamma var ekki heima. Sem sagt, mér leiddist rosalega, svakalega mikið þessa tvo daga. Áfram með smjörið (söguna).

Ég fór í spjaldtölvuna og á Youtube. Ég hlustaði á Ariana Grande en ekki á Justin Bieber svona til tilbreytingar. Ég var í fýlu og ég ákvað að hringja



í Sonju. Það var og er besta vinkonan mín í öllum heila heiminum, svo kemur Andrea og þarnaest kemur Rakel í vinkonulistanum. Samt er hann ekki til því ef að Rakel myndi finna hann þá myndi hún fara að hágrenja og ég segi þér það í algerum trúnaði þá er hún Rakel alger grenjuskjóða hún fer að grenja út af bókstaflega ÖLLU. Samt í stuttu máli sagt finnst mér hún skemmtileg, fyrir utan það þegar hún er grenjandi.

Ég sló upp símanúmerið hjá Sonju og setti tólið upp að eyranu. Plís, plís, plís söng í mér í takt við bípið. Og hún svaraði. „JESS“, hrópaði ég aðeins of hátt. „Jess hvað“? heyrði ég í Sonju. Ef ég gæti séð hana í gegnum símann hefði hún örugglega verið eins og spurningarmerki í framan. „Ó, úps“, sagði ég varfærnislega. Sagði ég þetta upphátt? „Já, greinilega ef ég heyrði þetta,“ heyrði ég frá Sonju. „Ókey Sonja, þetta er ég Bella.“ „Ó hæ, Bella þetta er Sonja.“ „Já, ég veit en ég hringdi því að ...“ og eftir að hafa sagt henni alla sólaröguna, svaraði Sonja: „jamm það er nú það, við verðum að rannsaka þetta.“ Jibbí, mér fannst svo gaman að rannsaka hluti með Sonju, t.d. þegar við



rannsókuðum ... æ ég nenni eiginlega ekki að fara út í það.

Við ætluðum að hittast á morgun og gista heima hjá mér því það var föstudagur og til þess að leysa þessa ráðgátu þyrftum við nægan tíma og góðan svefn. Þess vegna ætlaði ég að fara að sofa. Ég sofnaði með bros á vör (held ég) við tilfinninguna um að fara að rannsaka strax eftir skóla og svo gista með Sonju eftir það, samt máttum við ekki segja hinum stelpunum frá, því annars myndu þær örugglega vilja vera með. Æ nei, ég gleymdi að segja Sonju að segja ekki. Eftir þessa hugsun sofnaði ég.

Daginn eftir vaknaði ég eldsnemma. Ég rauk upp úr rúminu og klæddi mig. Ég ákvað að fylgja ekki tískunni í dag svo ég fór í einhverja venjulega peysu og venjulegar buxur. Ég var bara að hugsa um þægindin en ekki tískuna. Ef ég hefði fylgt tískunni hefði ég farið í þröngar gallabuxur og víða hettupeysu. Það var víst í tísku í dag. Ég skóflaði morgunmatnum í mig. Það var hafra-grautur í morgunmat sem mér finnst yfirleitt ekki góður en í þessu tilfelli var hann góður, eða ég var



eiginlega ekkert að spá í bragðið, annars væri hann líklegast vondur. Ég henti töskunni á mig og dreif mig út í strætóskýlið. Þá kom strætóinn. Það mátti ekki tæpara standa, hugsaði ég. Strætóbílstjórinn var úrillur kall sem virtist vera uppvakningur við fyrstu sýn, allavega, ég sýndi honum strætókortið og hann kinkaði kolli alveg eins og uppvakningur, eða sko, ég hef aldrei séð uppvakning kinka kolli, svo ég hélt bara að það væri eins.

Ég fór í skólann rétt áður en kennarinn kom. Kennarinn heitir Ingibjörg Lína Lárusdóttir og bekkurinn okkar heitir því 6-ILL sem er gott nafn því kennarinn er hræðilega, skelfilega vondur kennari. T.d. þegar ég fór í stafsetningarprófið fékk ég 7,6 og það sem hún sagði við mig var svo ljótt að ég fór næstu því að grenja. Hérna, ég skal reyna að lýsa því.

**„Þú ert léleg í stafsetningu,
það væri þér fyrir bestu
að hætta í skólanum
þú aumi ræfill“.**

Þú skilur mig örugglega núna.



Ég hef ekki þorað að segja mömmu frá þessu, annars myndi hún bókstaflega tjúllast og við þyrftum að flytja AFTUR, sem ég nenni ekki að gera AFTUR, því loksins fann ég góðar vinkonur, Sonju, Andreu og Rakel. En hins vegar var ég var lögð í einelti af andstyggilegum stelpuösum. Ég sagði mömmu það ekki strax en svo leið mér svo illa að ég ákvað að segja henni það og hún TJÚLLAÐIST og við fluttum og núna á ég þrjár góðar og æðislegar vinkonur.

Tíminn leið hægt en svo loksins var skólinn búinn. Ææi, það var alltaf heimavinna í skólanum á föstudögum. „Oohh, ég nenni ekki að læra heimavinnuna,“ sagði ég við Sonju og andvarpaði. Við misstum af strætó og vorum að labba heim til mín. „Jæja við skiptum heimavinnunni á milli okkar. Þú gerir annan helminginn og ég hinn og svo segjum við svörin hvor við aðra,“ sagði Sonja fljótmælt. „Þá verðum við bæði fljótari, samtímis,“ sagði ég og reyndi að hljóma gáfulega en það tókst ekki alveg.

Við hlupum síðasta spottann heim og náðum



Þessu á mettíma. Þetta var örugglega heimsmet, hugsaði ég en Sonja stoppaði mig. Hún sagði að Usain Bolt frá Jamaíku væri fljótasti maður í heimi. Úps, ég verð að hætta að hugsa upphátt, hugsaði ég og í þetta sinn passaði ég mig á því að hugsa þetta en ekki segja þetta upphátt. Við drifum okkur inn og byrjuðum að læra. Þetta var léttara en ég hélt. Svo byrjuðum við að rannsaka. Við kíktum í allar skúffur og alla skápa. Næsta þrep var yfirheyrsla en hún þurfti að bíða því mamma var ekki komin heim. Við fórum í spjaldtölvuna og fórum á musically og gerðum video. En svo loksins, já loksins kom mamma heim ég bað hana að fara inn í herbergið mitt og setjast í stólinn. Hún vissi ekki að Sonja var búin að fela sig bak við hurðina, tilbúin með reipi. Og svo allt í einu slökkti ég ljósin og Sonja stökk úr felum og byrjaði að binda mömmu. Á meðan kveikti ég á sterkum lampa og beindi ljósinu að andliti mömmu. Við spurðum allskyns spurninga en mamma svaraði engu, heldur öskraði og bað um að við myndum hætta þessu bulli. Við leystum hana og hún stökk upp



eins og kengúra og hljóp úr herberginu. Hún var bandbrjáluð og sagði að Sonja þyrfti að fara heim því það væri að koma fjölskyldufundur.

Við vorum samt engin fjölskylda því pabbi var dáinn. Hann dó þegar ég var 5 ára og ég man sem sagt ekkert eftir honum. En samt sagði mamma að við tvær værum fjölskylda. Á fjölskyldufundinum var ég búin að ákveða að spyrja svo mikið að þetta yrði eins og yfirheyrsla en svo varð ekki, því mamma stal hugmyndinni minni og hún yfirheyrði mig. Ég svaraði öllu en þegar það var komið að mér, spurði ég hvort hún væri á einhverju námskeiði og hún svaraði játandi: „Ég er byrjuð í hugleiðslu“. Haaaaaaaaaaaa! Var mamma byrjuð á einhverju hugleiðslunámskeiði? Þetta fannst mér skrýtið. Ég spurði mömmu hvort Sonja mætti gista hjá mér. Mamma sagði já en með tveimur skilyrðum „Þið megið ekki borða of mikið nammi og ...“ sagði hún og hikaði, „þið megið ekki fara of seint að sofa er það ljóst?“ „Jamm“, svaraði ég og hljóp inn í herbergið, hringdi í Sonju og sagði henni allar fréttirnar um mömmu og hugleiðslu. Og eftir



„Ussssss“, uss-aði ég svo hátt á hana að það yfirgnæfði allan hláturinn og það virkaði hún steinþagði. Ég held ég hafi aldrei heyrt hana þagna svona snögglega. „Vaknaðir þú líka við óhljóðin?“ hvíslaði ég varfærnislega. „Jááááh, þau voru svona krrrrrissss“ svaraði Sonja. „Þetta var allavega mjög krípí hljóð og mig langar soldið þínu ponsu lítið að gá hvað er þarna niðri,“ sagði ég varfærnislega því ég vissi að svarið yrði nei því Sonja er yfirleitt hrædda týpan. „Ööööööh, já já he he,“ svaraði Sonja óörugg. „Oooookey,“ svaraði ég enn óöruggari en Sonja. Við klæddum okkur í inniskó og náttslöpp og við læddumst út úr herberginu með dótasverð og dótaskjöld svona til varnar skrímslinu, nei, kannski er skrímsli ekki rétta orðið en kannski trúður, svona krípí trúður en ekki svona góður trúður sem skemmtir krökkum, nei, kannski ekki. Vááááá, ég hugsaði svo mikið um hvað þetta var að ég gleymdi öllu öðru.

Við Sonja vorum komin að kjallarahurðinni án þess að ég fattaði það. Ég hvíslaði eins lágt og ég gat: „Ehh, vilt þú opna dyrnar?“ „Ohh, af hverju ég? En okey, ohh,“ svaraði Sonja og horfði á mig



eins og hún vildi drepa mig. Sonja opnaði dyrnar varlega. Það ískraði í hurðinni. Sonja smokraði sér inn og ég fylgdi fast á eftir því enginn, enginn vill verða skilinn eftir við kjallarahurð. Ég var komin inn. „Fjúfff“, heyrðist í mér aðeins of fljótt því við mér blasti langur og dimmur stigi. Þetta var stigin niður í kjallara. OMG, OMG! Ég pissaði aðeins í mig þegar ég sá þessa sjón (samt bara smá). Við trítluðum hægt niður tröppurnar. Það marraði hátt í stiganum. Við fórum hægar með hverju skrefi og ég skalf líka meira við hvert skref. Við Sonja vorum komnar alveg niður. Ég bjó mig undir það versta og það sem blasti við mér var ... fugl sem var fastur inni. Við Sonja fórum að hlæja, alveg skelli-hlæja. „Hahahaahahahahahahah, þú varst og hahahaha ég var hahahaha alveg rosalega hahahaha hrædd hahahaha.“

Ég gat ekki meir. Ég kafnaði næstum úr hlátri. Var nokkuð hægt að deyja úr hlátri? Alla vega ég tók ekki sénsinn á því og hætti að hlæja og andaði, djúpt og vel. Nú leið mér betur, eða nú gat ég andað aftur. Ég spurði Sonju hvort við gætum ekki bara bjargað fuglinum fyrst við vorum þarna niðri.



„Já, já“ sagði Sonja glöð. Ég stóð á stól og opnaði gluggann. Síðan reyndum við að beina fuglinum út. Það virkaði eftir margar tilraunir. Eftir það ákváðum við að fara að sofa aftur. Þegar ég lagðist á koddann mundi ég eftir einu. Þegar ég öskraði þá vaknaði mamma ekki en venjulega vaknar hún við hið minnsta múkk og núna var hún ekki vakandi. Ég sagði Sonju þetta og hún sagði mér að við þyrftum að kíkja á þetta. Við löbбуðum að svefnherbergi mömmu minnar og opnuðum dyrnar gætilega. Við kíktum inn og þar var engin mamma. Við fórum alveg inn, gætilega og þar sáum við bréf liggja á náttborði mömmu. Ég las bréfið upphátt fyrir Sonju og svona var bréfið:

*Kæra Lára, (mamma heitir Lára)
viltu hitta mig á comon musjur veitingastaðnum
kl. 10:15? Við ætlum nefnilega að borða þar og eftir það ætlum
við í spilavítid. Og engar áhyggjur, ég borga allt, allt fyrir þig.
Ég geri ráð fyrir að við komum heim fyrir kl. 4 í nótt.
Hlakka til að sjá þig,
Þinn Daniel.*



„Pinn Daniel,“ glamraði í hausnum mínum, hver er Daniel? spurði ég sjálfa mig. Bíddu, comon musjur, er það ekki nýi veitingastaðurinn? Var hann ekki alveg rándýr veitingastaður? „Var mamma nokkuð að fara á ... stefnumót með honum?“ hvíslaði ég lágt. „Við verðum að drífa okkur,“ hrópaði ég og hljóp inn í herbergið mitt. Sonja kom hlaupandi til mín og spurði mig hvað væri planið? Ég svaraði: „Finna mömmu og þennan Daniel. Koma svo, klæddu þig. Rás, rás, schnell, schnell,“ sagði ég við hana því mamma sagði þetta alltaf við mig þegar ég þurfti að drífa mig. Við vinkonurnar klæddum okkur í föt og fórum að útidyráhurðinni. „Ég held að comon musjur veitingastaðurinn sé ekki svo langt frá svo að við getum bara labbað þangað,“ sagði Sonja.

Við gengum soldið lengi en samt ekkert of lengi. Við komum að veitingastaðnum og löbbum inn og viti menn! Þarna voru mamma og þessi dularfulli Daniel talandi saman, borðandi saman! „Urgggru“ Þetta var maginn minn og minnti mig á það að ég



hafði ekki borðað mjög lengi. Ég var bókstaflega að deyja úr hungri. Ég leit á Sonju og sá að hún átti við sama vandamál að stríða. En við létum það ekki stoppa okkur. En eftir þessa matarþörf hjá okkur voru mamma og þessi Daniel farin. Við hlupum út og þar sáum við Daniel og mömmu leiðast meðfram götunni í átt að spilavítinu. Ég öskraði á mömmu og hún sneri sér við og hljóp til okkar. Hún var líka þínu reið því við vorum svo seint úti. En það var ekkert vandamál því ég sagði mömmu að við ætluðum að bjarga henni frá Daniel og að við hefðum fundið bréfið á náttborðinu. Og mamma skelli, skelli hló.

Ég hef aldrei skilið fullorðna og húmorinn þeirra. Ég hef héðan í frá ákveðið að hafa aldrei svona húmor. Því þá yrði ég alveg grautfúlt. Mamma kvaddi Daniel og sagði honum frá öllu og svo löbбуðu við heim. Á heimleiðinni sagði mamma okkur að hann og hún væru bara saklausir vinir og ekkert meira en það og ef ég á að vera hreinskilin þá trúi ég henni ... ekki en ég vil ekki segja henni það. Þegar við komum heim



hringdi mamma í mömmu Sonju og það hana um að koma og sækja Sonju. Og eftir það versnaði allt um helming. Því mamma setti mig í straff. Og það versta var að straffið varði alveg til jólanna.

Dagarnir liðu og alltaf eftir skóla hafði ég engan til að leika við og ekkert til að gera. En eftir langa bið komu jólin og straffinu var aflétt. Guð hvað ég varð fegin. Það voru jól. Klukkan var sex og við mæðgurnar vorum að borða jólamat. Ég borðaði eins hratt og ég gat því ég vildi strax komast í pakkana og tæta þá í mig. Ha ha ha. Ég beið og beið eftir að mamma væri búin að borða. Og þegar hún var búin að borða þá sagði hún mér að setjast í sófann og bíða eftir sér því hún þyrfti að fara á klósettið. Ég hlýddi auðvitað og settist niður. Ég beið eftir mömmu og vá maður, hvað ég þurfti að bíða lengi eftir konunni. Ég beið en svo heyrði ég eitthvað. Hún mamma var víst komin. Og mamma var ekki ein. Það var lítill Cavalier hvolpur í körfu sem mamma hélt á. Mamma þurfti ekki að segja meira en tvö orð til þess að ég færi að grenja. Og þessi tvö orð voru: gleðileg jól!



Hamsturinn Hnoðri

Einu sinni var hamstur sem hét Hnoðri. Hann bjó í búri. Hnoðri var hvítur á litinn með svört augu.

Hnoðri átti vin sem hét Jónas. Jónas var strákur. Jónas var 8 ára gamall. Hnoðri og Jónas voru bestu vinir. Þeir léku sér mikið saman. Jónas reyndi að kenna Hnoðra að hoppa og hann kunni að gera ýmsa furðulega hluti. Hann gat til dæmis gengið á tveimur fótum.

Einu sinni var Hnoðri að fara í kúluna sína og hann hljóp um alla íbúðina. Þá hljóp hann svo mikið að hann klessti á vegg.

Jónas fór með Hnoðra til dýralæknis. Dýralæknirinn ætlaði að gefa honum botox sprautu en gaf honum óvart efni sem stækkar öll nagdýr. Hnoðri varð risastór. Hann varð jafn stór og Jónas. Þegar Hnoðri og Jónas voru að labba heim frá læknum fór Hnoðri óvart í vitlausa átt. Jónas leitaði að honum út um allt. Á meðan fór Hnoðri að fá sér kleinuhringi. Þegar Hnoðri var orðinn



saddur fór hann að sofa í ruslatunnu en Jónas svaf í rúminu sínu. Síðan fór Hnoðri að labba í garðinum.

Á meðan Hnoðri var í garðinum var Jónas að leita að honum út um allt en fann hann hvergi. Þá sá Jónas Hnoðra og þurfti að elta hann út um allan bæinn. Svo fór Hnoðri heim. Síðan fór Jónas með Hnoðra á spítalann til að láta minnka hann aftur.

Svo labbaði Jónas aftur heim með Hnoðra í vasanum. Eftir þennan langa dag voru Hnoðri og Jónas þreyttir og fóru að sofa.



Emma eignast vin

Emma var í 2. bekk í Álftamýraskóla. Emma átti ekki marga vini en eina góða vinkonu sem heitir Dóra. Þær voru búnar að þekkjast síðan í leikskóla og leika sér daglega saman en um páskana var Dóra að fljúga til útlanda. Emma var frekar sorgmædd yfir því og hlakkaði alls ekki til páskana.

Síðasti dagurinn fyrir páska í skólanum var frekar fúll. Emma sat ein í kennslustofunni og engin vildi leika í frímínútum. Rósa var farin til útlanda og Emma vildi ekki vera lengur í skólanum, svo þegar enginn sá til hennar læddist hún inn að sækja skóladótið sitt og hljóp út á strætóstoppustöð. Emma fór upp í strætó og settist við gluggann aftast, hún vissi ekki hvert strætó var að fara en ákvað að hugsa ekki mikið um það.

Allt í einu er kallað í strætó, „síðasta stopp“.

Emmu brá mikið en hoppaði á fætur og labbaði út. Þegar Emma fór úr strætó sá hún ekkert nema risastórt fjall og mikið af trjám.



„Hvert er ég eiginlega komin?“ spurði Emma sjálfa sig.

Emma þorði ekki að segja neitt við bílstjórann svo hún lagði af stað inn í skóginn.

Emma gekk og gekk en vissi ekkert hvert hún var að fara, hún var bara mjög sorgmædd að Dóra væri ekki hjá sér.

Emmu þótti skógurinn fallegur og friðsæll, þar voru enn þá nokkur blóm á lífi og bláber sem voru æt. Hún teygði sig eftir bláberi. Þá heyrði hún skrítið hljóð, hún sneri sér við og „AHHHHHH!SKRÍMSLI“, hrópaði Emma.

„AHHHHH! SKRÍMSLI“, hrópaði skrítna veran.

Emma var svo hrædd að hún gat ekki hreyft sig.

„Hvað, hvað ertu?“ spyr skrítna veran mjög hrædd.

„Ég er stelpa úr Reykjavík og heiti Emma en hvað ert þú?“ spyr Emma á móti.

„Ég heiti Kolbeinn og er bara tröllastrákur sem á heima í Esjunni, einmitt þarna uppi.“ Og hann bendir upp á topp Esjunar.

„Hvað ertu eiginlega að gera hérna ein?“ spyr Kolbeinn.



„Ég var svo afskaplega sorgmædd í skólanum að mig langaði að fara langt í burtu,“ sagði Emma mjög sorgmædd.

„Af hverju verða mannabörn sorgmædd?“ spurði Kolbeinn og klóraði sér í hausnum.

„Æj, ég var afskaplega sorgmædd því ég á engan til að leika við, besta vinkona mín fór til útlanda í páskafríinu,“ sagði Emma.

„Sko Emma, tröllabörn verða aldrei einmana, þau hafa alla nátturuna til að leika sér; stundum hitti ég Krumma eða litla hagamús og ég tala við þau eða segi þeim brandara og ef ég hitti engan þá bý ég bara til sögu í hausnum á mér að fer að ímynda mér að ég sé kannski kóngur í risastórum kastala, það finnst mér lang skemmtilegast.“

„Rósa!“ hrópaði Kolbeinn eftir að hafa hugsað aðeins, „viltu kannski sýna mér hvernig manna-börn leika sér sama og ég skal sýna þér hvernig við tröllabörn búum til ímyndaleik og notum náttúruna til að leika okkur.“

„Já! Hvort ég vil,“ sagði Emma og þau fóru að leika sér, hoppandi glöð.



Þegar tók að dimma fattaði Emma að hún þyrfti að fara heim.

Hún sagði bless við vin sinn hann Kolbein og Kolbeinn bauð Emmu að koma að leika hvenær sem er. Emma rölti að stoppustöðinni með bros á vör. Og alla þessa páska heimsótti hún vin sinn hann Kolbein.



Gimsteinninn

– Handa ástkærum kennara okkar, Hlín Helgu Pálsdóttur (út af nöfnunum á persónum).

Einu sinni voru hjón sem áttu dóttur. Einn daginn hvarf hún. Ég veit hver hún er, því ég er hún. Ég heiti Helga. Ég verð að segja frá öllu ævintýrinu sem gerðist með Hlín og mig. Hlín er og var besta vinkona mín. Þegar við hittumst þá er ekki nokkur sem getur stoppað okkur. En þetta ævintýri toppar öll ævintýri sögunnar.

1. þáttur – Sagan hefst

Ég var á gangi og hitti Hlín. Hún sagði mér frá helginni og ég blaðraði um Pál, hann litla bróður minn. Svo kvöddumst við og héldum heim. Mér leið ekki eins og venjulega, það var eins og ég léttist og léttist.

Kannski get ég flogið, hugsaði ég. En ekki vera of viss, andvarpaði ég.

En ég varð núna að standa á tánum og ...



2. þáttur – Ég flýg

Ég flaug. Skólabókin datt úr höndum mínum. En nú datt ég. Hlunk heyrðist. En vó! Þetta var eins og ég hefði flogið inn í sumarið úr haustinu. Þegar ég var við það að standa upp heyrðist annað hlunk. Ég stóð upp og fór að gá. Þetta virtist, þetta var ... Hlín.

3. þáttur – Töfraheimar

„Hlín!“ hrópaði ég.

„Helga!“ hrópaði hún.

„Ég er nokkuð viss um að þetta er ekki fortíðin. Ætli þetta sé framtíðin?“ spurði ég.

„Njá, kannski,“ sagði Hlín.

Við gengum niður stíginn en allt í einu hrópaði ég: „Sjáðu!“ og benti á skóflu. Ég greip skófluna og byrjaði að grafa. Ég gróf djúpa holu. En nú var eitthvað hart neðst. Ég tók þetta upp og þetta var gimsteinn.

„Þetta eru sannkallaðir töfraheimar!“ sagði Hlín.

„Já! Sannkallaðir töfraheimar,“ sagði ég.



Svo fann Hlín moldugan poka og setti gimsteininn ofan í hann. Nú datt steinninn. Við horfðum á hann. Ég sá mömmu og pabba hágrátandi. Ég held að Hlín hafi séð mömmu sína og pabba líka því hún var farin að tárast. Og ég fór að gráta og hún líka og ég spurði í gegnum tárin: „Er þetta sem sagt tilfinningagimsteinn?“

„Já, ég held það,“ sagði Hlín með grátstafinn í kverkunum. Hann kemur okkur að minnsta kosti til að tárast og fara að gráta.“

„Einmitt,“ sagði ég.

En nú gerðist eitthvað skrítið, það kom band sem var bundið um mittið á mér.

„HJÁLP!“ öskraði ég.

4. þáttur – Gimsteinninn

Ég var dregin upp. Hlín hafði ekki náð að hjálpa mér þó hún hafi reynt. Og ég sem var lofthrædd.

„Já takk, nú kemur það,“ sagði ég og lokaði augunum og beið.

En nú gerðist kraftaverk. Einn depillinn lýsti



svo mikið að bandið slitnaði og ég datt beint í fang Hlínar.

„Þarna munaði mjóu!“ sagði Hlín og fékk hláturskast svo hún missti mig næstum. Svo sagði hún: „Þetta er allt gimsteininum að þakka og þakkaðu honum vel, Helga.“

Og ég þakkaði honum mjög vel.

„Takk, takk, takk, sagði ég við gimsteininn. Án þín væri ég dáin úr lofthræðslu,“ bætti ég við.

Við gengum áfram niður stíginn, Hlín, ég og gimsteinninn. Gimsteinninn hafði bjargað lífi mínu.

5. þáttur – Björgun Hlínar

„Helga! Sjáðu!“ kallaði Hlín og benti á stiga.

Ég tók gimsteininn upp. Svo benti hún á flaggstöng. Ég skildi hvað hún átti við.

„Ertu að tapa lífi þínu til að litast um?!“ spurði ég sármóðguð. „Þú ert besta vinkona mín.“

„Ég spjara mig örugglega, ég er nú níu ára,“ bætti hún við.



„Þetta er samt hættulegt,“ sagði ég.

„Ég ætla að prófa,“ sagði Hlín, reisti stigann við flaggstöngina og byrjaði að klifra upp stigann.

Ég hélt fyrir augun en opnaði pínulitla rifu til að sjá hvor hefði rétt fyrir sér. Ég sá stigann renna og Hlín!

„Fljót!“ Ég lyfti gimsteininum að sólinni og beindi að stiganum. Ótrúlegt en satt þá reisti gimsteinninn stigann við. Síðan klifraði Hlín niður.

„Þarna munaði mjóu,“ sagði ég og nú var það ég sem fékk hláturskast.

Hlín tók meira að segja mynd af mér í hláturskasti. Ég hætti í hláturskastinu til að skoða myndina. Ég tók símann minn og tók mynd af myndinni til að eiga.

„Takk, takk, takk,“ sagði hún við mig og „takk, takk takk,“ sagði hún við gimsteininn.

Svo héldum við áfram, glaðar að Hlín skyldi ekki vera stórslösuð.



6. þáttur – Leynardómurinn

Við vorum orðnar þreyttar og ætluðum að setjast þegar ég kom auga á steinvölu.

Svona fallega steinvölu sér maður auðvitað ekki alltaf, svo að ég tók hana upp og Hlín setti hana í vasann.

Við höfðum setið mjög lengi þegar ég sagði við Hlín:

„Má ég skoða steinvöluna?“

„Auðvitað,“ sagði Hlín og rétti mér steinvöluna.

Ég horfði á hana og það var mynd af skipi. Skipið var á hreyfingu. Hlín var líka að horfa á þetta. Ég sá það á svipnum að hún var búin að fatta hvað þetta þýddi.

„Hvað þýðir þetta?“ spurði ég.

„Þetta þýðir að við eigum að fara hingað,“ sagði Hlín pollrólega en ég varð aftur á móti stressuð við þessi orð. Við byrjuðum samt að



ganga og ganga og ganga, þangað til við gátum ekki meira en þá ... skip.

„Jibbí!!“ hrópuðum við. „Þá erum við komnar.“
Við gengum að skipinu og fórum um borð.

7. þáttur – Ævintýri

Inni í skipinu var dimmt.

„Hver ert þú?“ heyrðist úr myrkrinu.

Við gengum á hljóðin. Sá sem sagði þetta var strákur sem leit út fyrir að vera átta ára. Við horfðum á hann. Hann var klæddur í tötra.

„Ertu munaðarleysingi?“ missti ég út úr mér.
Hann kinkaði kolli.

„Ég er dóni (gleymdi að kynna mig), ég heiti Páll.“

Alveg eins og litli bróðir minn! hugsaði ég en sagði það ekki.

„Halló, Páll,“ sögðum við í kór.

„Við heitum Hlín og Helga,“ sagði Hlín.

Ég kinkaði kolli jafn hægt og snigill.

En nú sagði Páll eitt sem vakti áhuga minn:

„Við erum ein á skipinu.“



Í sömu andrá stóðu Hlín og Páll skjálfandi og horfðu á eitthvað fyrir aftan mig. Ég ætlaði að fara að gá þegar einhver sló mig.

Þegar ég rankaði við mér voru Hlín og Páll horfin.

„Hlín, Páll!“ hrópaði ég en ekkert svar kom. Ég mun finna þau, hvíslaði ég.

Ég fann dyr og opnaði þær. Ég fór inn um dyrnar og þar voru Hlín og Páll umkringd ljótum mönnum. Mennirnir voru að dansa. Ég læddist (skildi bakpokann eftir) að þeim. Mennirnir sáu mig. Sá stærsti tók í hálsmálið á mér og setti mig hjá Hlín og Páli.

Nokkrum mínútum síðar sagði sá stærsti: „Nú er komið að því, leyfum dömunnri að fara fyrst, úllen dúllen doff ...“ Hann endaði á Hlín.

Hlín tók andköf, losaði bandið, sagði bless, grét svolítið og gekk til mannanna.

„Á hún að ganga plankann?“ spurði ég Pál.

„Já, hún á víst að gera það,“ sagði Páll sorgmæddur. Ég var líka sorgmædd.



„Hvers konar menn eru þetta, þeir eru ljótari en fötin þín,“ sagði ég við Pál.

„Sammála,“ sagði Páll.

„Það er engin von,“ sagði ég þegar Hlín gekk á plankann.

En nú gerðist kraftaverk: Gimsteinninn lyfti ljótu mönnunum – einum í einu – upp og henti í vatnið. Þegar allir mennirnir voru farnir losaði Hlín okkur.

Páll horfði á gimsteininn. Síðan á okkur.

„Eruð þið nornir?“ spurði Páll og ætlaði að hlaupa í burtu.

„Nei, gimsteinninn er eiginlega norn,“ sagði Hlín og ég fór að hlæja.

„Já, gimsteinninn er eiginlega norn,“ sagði ég á milli hláturkviðanna.

8. þáttur – Heimkoman

Við gengum upp stíginn en allt í einu fattaði Hlín eitt: „Við erum ekki í framtíðinni en við erum í Ævintýralandi!“ Í sömu andrá kom Vaiana gangandi.



„Það er satt, við erum í Ævintýralandi,“ sagði Páll. „Að ég skuli ekki hafa fattað það eftir öll mín ár. Þegar mamma mín var lifandi var hún mamma-klikk, ætli ég sé þá Óliver Tvist?“ Og svo fór hann að hlæja.

Við léttumst.

„Komdu,“ kölluðum við.

„Ég get það ekki,“ var svarið.

„Jú, þú getur það víst,“ kölluðum við og tókum sín í hvora höndina og við flugum saman.

En nú heyrðist þrefalt hlunk.

„Hlín,“ spurði ég. „Hvort viltu eiga Pál eða gimsteininn?“

„Gimsteininn mátt þú eiga en ég tek Pál að mér,“ var svarið.

Ég flissaði. „Þá eigum við hvor sinn Pálinn,“ svaraði ég.

Þegar ég var að lesa í skólabókinni kom Páll, litli bróðir minn og sagði: „Viltu faða út að leika?“

Ég brosti.

„Já! Komum!“



Geimveran og vinir hennar

Einu sinni voru tvíburasystur að labba. Allt í einu sá Karítas eitthvað grænt á jörðinni. Hún spurði Söru: „Sérðu þetta?“ Og þá sagði Sara: „Já, ég sé þetta.“ „Hvað heldurðu að þetta sé?“ spurði Karítas aftur. „Ég veit það ekki,“ svaraði Sara. „Komum nú heim, klukkan er orðin hálf sjö,“ sagði Sara og benti á úrið sitt.

Þegar þær koma heim fá þær sér kvöldmat, fara í náttfötin og beint að sofa. Þegar þær vakna daginn eftir fara þær strax aftur út að leika. Þá sjá þær aftur græna slímið á jörðinni en á öðrum stað. Þá sjá þær brotinn glugga rétt hjá með sama slíminu. Það fannst þeim dálítið dularfult. Svo fóru þær inn í húsið þar sem slímið var. Þær reyndu að dingla en ekkert heyrðist og svo opnuðust dyrnar allt í einu og þær löbbuðu inn. Svo fóru þær upp á efri hæðina að leita, allt í einu öskraði Karítas og Sara spyr hana hvort það sé allt í lagi. „Ég sá eitthvað



grænt hreyfast, eins og geimvera,“ svarar Karítas, hún hljóp þangað inn. Sara fer inn í herbergið til að sjá hvað er á seyði, á meðan Karítast þurrkar framan úr sér slímið. Þá sér Sara slímslóð liggja að skápnum, hún opnar skápinn og svo færir hún fötin frá til að sjá hvað þetta var. Hún sér geimveru bregða fyrir en þá spýtir hún á hana slími og skýst inn í eldhúsið.

Karítas hleypur inn til Söru og spyr: „Hvað er í gangi?“ „Ég held að það sé geimvera inni í eldhúsi núna,“ svara Sara. Þær hlaupa saman inn í eldhús og svo sjá þær geimveruna róta í öllum skúffunum að leita að einhverju. Þær spyrja hana mjög rólega: „Vantar þig eitthvað sérstakt?“ Hún sýnir þeim mynd af því sem hún er að leita að. Karítas og Sara verða mjög hissa því þetta var mjög skrítið sem hana vantaði. Hana vantaði banahýði, skítugan sokk og brjóstahaldara. Stelpurnar segja geimverunni að þær vilji hjálpa henni og hún verður mjög glöð.

Þær labba heim og eru í hláturskasti alla leiðina því þeim finnst svo fyndið það sem þær þurfa að



gera. Þegar þær koma heim fara þær að róta í ruslinu að leita að bananahýði áður en mamma þeirra og pabbi koma heim úr vinnunni. Svo finna þær eitt banahýði og fela það inni í herberginu sínu. Þá ákveða þær að fara í óhreinatauið hans pabba og róta og róta þangað til þær finna sveittan íþróttasokk. Þær setja hann líka inn í herbergið sitt hjá banananum. Svo þegar þær eru að opna dyrnar inn í herbergið hjá mömmu þá kemur hún heim. Þær hlaupa aftur inn í herbergið sitt og hugsa hvernig þær eigi að ná í brjóstahaldarann. Þá heyra þær að mamma er að fara í sturtu. Þær læðast aftur inn í herbergið hennar og opna skápinn og leita þangað til að þær finna brjóstahaldara.

Áður en kvöldmaturinn byrjar fara þær aftur í húsið með brotna glugganum og láta geimveruna fá bananahýðið, sveitta íþróttasokkinn og brjóstahaldarann. Geimveran verður himinlifandi og gefur þeim skikkju og segir þeim að þetta sé töfra-skikkja sem þær geti sett utan um sig og þá verði þær ósýnilegar. Þær elta geimveruna út í garð, þar sjá þær geimskipið hennar sem brotlenti því það



var bensínlaust. Hún setur bananahýðið í vélina fyrir bensín, treður sveitta íþróttasokknum í gat á geimskipinu og brjóstahaldaran festir hún upp á geimskipið sem loftnet. Hún fer upp í geimskipið og kveikir á vélinni. Það virkar! Geimveran vinkar stelpunum bless og flýgur svo upp í himininn.

Sara og Karítas labba aftur heim til sín. Þegar þær koma heim eru mamma þeirra og pabbi rosalega hissa. Mamma er að leita að brjóstahaldaranum sínum og pabbi finnur bara einn íþróttasokk. Þau spyrja hvort annað rosalega oft, þau voru búin að leita alveg svakalega lengi. Stelpurnar líta á hvor á aðra og ákveða að það sé best að prufa töfraskikkjuna núna. Þær setja hana yfir sig, læðast inn í herbergi og loka varlega á eftir sér.



Lifandi boltinn

(saga fyrir Línu litlu frænku)

Bolti skoppaði út um allt og svo kom einn lítill strákur og fíktaði í honum. Mamman kom og tók hann upp og litli strákurinn hélt á boltanum og mamman hélt á litla stráknum. Lilli missti boltann og fór að skæla, boltinn skoppaði og hoppaði eins og froskur og mamman setti litla strákinn á gólfið og litli strákurinn skreið á eftir boltanum. Hann hélt áfram að skríða og boltinn hélt áfram að rúlla. En svo hringdi dyrabjallan og Lilli var búinn að ná boltanum og svo slepti hún boltanum og rúllaði fram í forstofu og Lilli skreið á eftir boltanum. Þegar dyrnar voru opnaðar rúllaði boltinn út og Lilli skreið til mömmu. Boltinn var kyrr í garðinum og Lilli sagði: ga, ga gú, gú og mamman skyldi hvað hún var að segja. Mamman fór út í garð



og lét Lilla niður á stéttina og þar skreið
hún til boltans og hélt fast utan um hann
og ætlaði ekki að sleppa honum. Mamman
hélt á litla stráknum og litli strákurinn hélt
á boltanum. Og svo fór mamman með litla
strákurinn upp í rúm og litli strákurinn slepti
boltanum niður á gólfið. Mamman söng
vögguvísu:

Litli strákur, litli strákur
mér finnst þú óskaplega fallegur
og þú litla, litla skinn
og boltinn þinn
er skírnargjöfin þín.

Boltinn var lifandi og boltinn fékk tvær
hendur og tvær fætur. Litli strákurinn vaknaði
því að hann heyrði í boltanum ganga.
Litli strákurinn kallaði á mömmu, MAMMA!
BOLTA, lifir, lifir, bolta.



Ég heiti Áróra

Ég heiti Áróra.

Pegar ég var 4 ára dó mamma mín og ég hef ekki talað síðan þá.

Allt sem ég vil segja skrifa ég. En þess vegna hef ég aldrei átt vini. Pegar ég var á leiðinni heim einn daginn komu nokkrir strákar að mér.

„Þú ert skrítn þú segir aldrei neitt.“ Áróra grettir sig en segir ekkert. „Ég held að hún vilji þetta ekki,“ heyrir allt í einu fyrir aftan strákana. „Skiptu þér ekki af þessu,“ segja þeir svo við strák með svart úfið hár og blá augu sem stendur þar. „En hvað er nú þetta?“ segir strákurinn og tekur símann sinn upp: „Hmm, símanúmer skólstjórans,“ segir hann svo og veifar símanum framan í strákana, svo þeir stífna upp. Síðan hlaupa þeir á brott. „Er í lagi með þig?“ Já, skrifar Áróra og brosir.



„Ég heiti Ísólful, hvað heitir þú?“

Ísólful er mjög skemmtilegur og við hittumst alltaf eftir skólann. Samt veit ég lítið um hann og einu sinni spurði hann mig ...

„Getur þú talað?“ Áróra hrekkur við og hristir hausinn. „En hvað ef við æfum það?“ Áróra brosir og kinkar kolli.

Ísólful er vinur minn.

Svo einn daginn bíður Ísólful eftir henni. Hæ skrifar hún. „Hæ,“ segir hann, „ég þarf að fara en getur þú gert svolítið fyrir mig áður en ég fer?“

Áróra kinkar kolli. „Settu höndina á hausinn á mér,“ segir Ísólful. Áróra grettir sig. Af hverju ætli hann vilji að ég geri það hugsar hún en gerir eins og henni er sagt og strýkur í gegnum mjúkt úfið hár hans, „og klappaðu mér.“ Þetta er skrítið hugsar hún en gerir það samt. „Og segðu svo takk kærlega fyrir allt.“ „Emm ... takk kærlega fyrir allt.“

Næsta dag kom Ísólful ekki og ekki heldur næsta.



Svo einn daginn kem ég að upplýsinga-töflunni. Nemendurnir labba áfram ganginn og troða sér í gegn sumstaðar því ekki er mikið pláss og þar sé ég hanga síðu úr dagblaði og á henni stendur:

Umferðarslys

Ungur drengur Ísólfur Mikaelson lést.

Áróra stendur frosin í sporunum. En það getur ekki verið; ég sá hann rétt fyrir nokkrum dögum. Allt í einu líður henni eins og loftið á ganginum verði þyngra og allt gangi hægar eins og tíminn væri frosinn. „En það ... það ... var allt í lagi með hann, ég hitti hann,“ segir Áróra og horfir tómlega á blaðið. Skvaldur nemendanna fyrir aftan deyr hægt út og bráðum stendur hún ein á breiðum ganginum.



Anna og Lísá

Anna og Lísá bjuggu í litlum kofa inni í skóginum. Þær fóru út í sandkassa og fundu þar fjársjóðskistu. Það voru sjóræningjar í fjársjóðskistunni. Þær lokuðu fjársjóðs-kistunni og þá komu þrír draugar og 4 vampírur – 30 skrímsli. Lísá varð hrædd en Anna var ofurhetja og var ekkert hrædd. Svo komu hundrað grýlur og Anna breytti grýlunum í góðar grýlur. Svo kom Leppalúði og henti Önnu í eldfjall og hún dó að eilífu. Svo flaug Anna upp og lifnaði við.



Dimmi hellirinn

Einu sinni fyrir langa löngu voru gömul hjón sem hétu Jónatan og Ástríður. Þau áttu tvö börn sem hétu Siggi og Stefanía. Þau bjuggu úti í skógi, í litlu rauðu húsi og það var hellir rétt hjá húsinu. Mamma þeirra og pabbi bönnuðu þeim að fara þangað.

Einn daginn voru Siggi og Stefanía að leika sér dálítið nálægt hellinum í fótbolta. Siggi skaut boltanum inn í hellinn. Þau vissu að þau mættu ekki fara þangað en Siggi elskaði þennan bolta og hann fór næstum því að gráta. Hann langaði bara að kíkja örlítið inn í hellinn. Þegar hann leit inn þá var varðeldur á gólfinu og risastór græn skeppna sem hraut mjög hátt. Þegar Siggi sá stóru grænu skepnuna þá pissaði hann næstum því í buxurnar! En þegar Siggi vissi að skeppnan væri sofandi þá andaði hann rólega. Stefanía var líka mjög hrædd.

Siggi labbaði inn í hellinn mjög rólega Stefanía var mjög hrædd við hvað hann ætlaði að gera og kallaði hún á hann. Þá vaknaði stóra græna skeppnan!!!



Og þá pissaði Siggi í buxurnar, Stefanía öskraði virkilega hátt sem pirraði skepnuna og tók hún þá Sigga með sér lengra inn í hellinn. Siggi fór að hágráta og kallaði á Stefaníu.

Stefanía hljóp á eftir skeppnuni þegar þau fóru lengra inn í hellinn og sá þá aðrar tvær skepnur sofandi. Stefanía öskraði ofsalega hátt af hræðslu og þá heyrði pabbi þeirra til þeirra alla leið heim en mamma þeirra heyrði ekki neitt.

Skeppnunar tvær voru tröllabörn og sú sem hélt Sigga var tröllapabbinn. Siggi var mjög hræddur og líka Stefanía. Siggi og Stefanía elskuðu hvort annað mjög mikið og gat því Stefanía ekki farið frá Sigga.

Tröllapabbinn reyndi að vekja trölla börnin sín en það gekk ekki vel. Þegar Tröllapabbinn hnerraði allt í einu missti hann Sigga. Siggi nýtti tækifærið og tók boltann sinn, greip í Stefaníu og hljóp af stað en tröllapabbi náði þeim.

Siggi vildi komast heim til mömmu og pabba. Mamma og pabbi voru orðin mjög áhyggjufull því klukkan var orðin hálf sjö. Þau leituðu í kringum allt húsið.



Tröllapabbi var búinn að setja Sigga og Stefaníu í sitt hvort búið og ætlaði hann að halda þeim yfir nótt. Mamma og pabbi voru farin að gráta af áhyggjum en héldu áfram að leita af þeim alls staðar.

Daginn eftir tók tröllapabbinn Sigga og Stefaníu úr búrinu og ætlaði að borða, setja þau ofan í súpuna. Siggi og Stefanía runnu úr hendinni á tröllapabbanum á gólfið og þau hlupu út með boltann. Tröllapabbi reyndi að ná þeim en það var sól úti, hann tók ekki eftir því og hljóp á eftir þeim. En þá náði sólin honum og breyttist tröllapabbi í stein.

Siggi og Stefanía hlupu heim til mömmu og pabba sem fóru að hágráta úr gleði þegar þau sáu þau. Siggi og Stefanía fengu að velja uppáhaldsmatinn sinn í kvöldmat sem var pasta, fiskur með kartöflum, sósu og ananasvatn. Fjölskyldan spilaði og hélt brandarakeppni. Daginn eftir fóru þau að veiða með pabba sínum. Siggi veiddi þrjá fiska, Stefanía tvo en pabbi þeirra veiddi sjö fiska. Á heimleiðinni tíndu þau blóm fyrir mömmu sína. Um kvöldið borðuðu þau fiskinn og sögðu Stefanía og Siggi þeim sögu gærdagsins.



Dularfulli hellirinn

Það voru tvær systur sem hétu Andrea og Eva. Þær fóru með mömmu sinni og pabba upp á fjall í lautarferð.

Andrea sagði við mömmu sína:

„Ég og Eva ætlum að skoða fjallið,“ sem og þær gerðu. Þær gengu niður fjallið og fóru hringinn í kringum það. Þegar þær voru komnar hálf leið opnuðust leynigöng. Eva fór inn í göngin og lokaðist inni. Andrea hljóp til mömmu sinnar og pabba.

„Eva fór inn í leynigöng og göngin lokuðust,“ sagði hún móð. Þegar þau fóru að leita að leynigöngunum fundu þau ekki göngin. Stuttu síðar kom vitur maður og spurði:

„Er ekki allt í lagi?“ Þau svöruðu leið á svip:



„Stelpan okkar fór inn í leynigöngin og þau lokuðust.“

Maðurinn sagði að hann vissi hvar leynigöngin væru í fjallinu en þau opnuðust aðeins þann 1. júlí ár hvert.

Andrea sagði við mömmu og pabba:

„Halðið þið að Eva verði ekki svöng þarna inni?“

Mamma sagði: „Jú, en ég vona ekki.“

Pabbi sagði: „Ég vona að hún sé ekki hrædd.“

Mamma og pabbi voru orðin mjög hrædd um hana; mamma gerði sér grein fyrir því að það væri apríl og að Eva ætti eftir að vera inni í fjallinu í nokkra mánuði. Þau fóru heim að sofa eftir langan dag. Andrea gat alls ekki sofnað því hún var svo hrædd um Evu.

Eva vissi ekki neitt hvar hún var. Hún gekk lengra inn göngin og þar var tröll. Tröllið skyldi ekki neitt í neinu og sagði:

„Hvað ert þú að gera hér?“

„Ég var í göngutúr með systur minni ...“



Hún komst ekki lengra því trölilið greip fram í fyrir henni:

„Hvar er hún?“ sagði trölilið forvitið. Svo náði Eva að klára að segja tröllinu af hverju hún væri inni í hellinum.

30. júní var runninn upp. Andrea og for-eldrar hennar vöknudu en fannst dagurinn lengi að líða. En svo rann 1. júlí upp og þau fóru upp að fjallinu þar sem leynigöngin voru. Eva sá göngin opnast og hljóp út í fangið á þeim og allir voru mjög glaðir.



Englar

Einu sinni var ung stúlka sem hét Sigurdís. Hún bjó í Reykjavík með mömmu sinni og systur en pabbi hennar dó í sjóslysi. Einn dag þegar Sigurdís kom heim eftir skóla fór hún í garðinn. Hún var ein í garðinum.

„Þetta er skrýtið, garðurinn er venjulega fullur af fólki þegar það er svona gott veður,“ sagði Sigurdís. Allt í einu sá hún eitthvað á bakvið runnana.

„Halló, er einhver hérna?“ segir Sigurdís hrædd. Hún labbar hægt að runnanum og svo flýgur eitthvað í burtu.

„Þetta var bara fugl,“ segir Sigurdís létt „en hvað er þetta?“

Hún sér hálsmen á jörðinni. Það stendur



eitthvað á því. Sá sem sér þetta er vængjaður og afkomandi Jónasar Jónssonar. Álfar og tröll eru til en þú ert Engill. Þetta er örugglega grín eða hvað.

„Sigurdís,“ segir glaðleg rödd fyrir aftan hana.

„Hver,“ spurði Sigurdís hrædd.

„Faðir þinn,“ sagði maðurinn.

„Pabbi,“ hvíslaði Sigurdís og hljóp í fangið á honum.

„Sigurdís, hlustaðu á mig.“ sagði pabbi hennar alvarlegur. „Sigurdís á morgun ætlar djöfullinn að taka yfir jörðina og gera allt fólk að þrælum og þú ert sú eina sem getur stöðvað hann.“

„Af hverju getur þú og englarnir ekki stöðvað hann?“ spurði Sigurdís.

„Því hálsmenið valdi þig, þá virka kraftar þess bara hjá þér.“

„En hafa englar ekki krafta?“ spurði Sigurdís.

„Nei eða jú, við höfum krafta en djöfullinn er búinn að ráða kraftmesta engilinn hann Júlíus. Hann reyndist vera sonur djöfullsins. En farðu núna heim til þín og ekki segja neinum það sem ég sagði þér,“ sagði pabbi hennar alvarlegur.



Þegar Sigurdís var hálfnuð á leiðinni heim hugsaði hún að hann hafi ekki sagt hvenær djöfullinn myndi ráðast á jörðina.

Klukkan 4:00 um nóttina vaknar Sigurdís við hávaða úti. Hún fór úr rúminu og að glugganum og sá djöfullinn og Júlíus rústa heilu hverfi. Hún hljóp út á náttkjólnum og í inniskóm. Sigurdís stendur kyrr hún er hrædd hún vissi ekkert hvað hún ætti að gera. Hún ákveður að hlaupa heim og ná í hálsmenið. Þegar hún er búin að ná í hálsmenið stendur hún upp á hól sem myndaðist í rústunum. Hún tekur eftir svolitlu sem hún hefur ekki tekið eftir áður það er takki sem á stendur: opna. Hún ýtir á hann og hálsmenið opnast og hvítt skært ljós kemur og lagar rústirnar. Hún vaknar í rúminu, þetta var bara draumur hún lítur á skrifborðið og þar er hálsmenið.



Fjallgangan

Við vorum þrjár frænkurnar ásamt afa okkar á leið upp í fjall til þess að fá betra útsýni yfir fjöll og dali í Borgarfirði. Við byrjuðum niður við ána og gengum upp stíginn sem liggur meðfram Bæjargilinu á Húsafelli.

Afi var með nestið í bakpokanum, í boxinu voru samlokur með osti og kæfu, nokkrar súkkulaðikexkökur. Við ætluðum að drekka kakóið hennar ömmu með þessu þegar við værum orðin svöng. Við erum alltaf svangar svo afi verður að passa nestið og ekki leggja pokann frá sér eftirlitslausan því þá myndi allt nestið hverfa ofan í okkur.

Ég var fremst þegar við lögðum af stað upp fjallið en svo skiptumst við á að vera forystu-sauðir en afi sagði að við mættum ekki ganga of nærri gilinu. Allt í einu heyrðum við hljóð



sem virtist koma úr gilinu og þá rukum við fram á brúnina og ein okkar var nærri dottin en afa tókst að draga hana aftur upp háöskrandi.

Við héldum áfram og skyndilega mættum við mjög dularfullri konu sem var að sópa fyrir framan hellisskúta. Hún var í öllu grænu; grænum stígvélum, grænum kjól, grænum buxum og með græn augu sem störfðu á okkur. Hún sagði ekki neitt en hætti að sópa kippti í kjólinn og hljóp inn. Við urðum ekki hræddar enda sagði afi okkur að hún væri meinlaus.

Við héldum göngunni áfram en nú vorum við að verða svangar en afi sagði að við yrðum að komast upp á topp áður en við borðuðum nestið. Allt í einu sáum við eitthvað brúnt og rautt skjótast fyrir framan okkur.

„Nei, sjáiði þetta er hann Móri,“ sagði ég. „Hver er það?“ sögðu frænkurnar. Afi þagði og lét mig útskýra málið.

„Hann Móri er draugur sem pabbi minn segist hafa séð í fjallinu þegar hann var strákur.“

Við héldum göngunni áfram og settumst á



stóran stein uppi á fjalli og afi tók fram nestið.
Móri settist á stein og horfði á okkur borða.
Yngsta frænkan var send með samloku til hans
og hann tók við henni og gleypti í sig því hann
virtist vera mjög svangur. Hann strauk magann
og hljóp niður fjallið. Við eltum hann og sáum
hvar hann skaust inn í hellisskútann og hvarf.
Þegar við komum að skútanum kom græna
konan út og rétti okkur fallegan blómvönd
en hún sagði ekki orð.

„Af hverju datt samlokan ekki niður úr
honum Móra ef hann er draugur?“ sagði ég
við afa.

„Hver er draugur og hver ekki draugur?“
sagði afi.



Flutningur

Einu sinni var strákur sem hét Gunnar. Hann bjó úti á landi og var í sveitaskóla. Mamma hans og pabbi ákváðu að flytja og Gunnar varð voðalega spenntur að prufa ný tækifæri og íþróttir. Hann flutti á Suðurlandið í miklu stærri bæ en hann bjó í áður.

Fyrst um sinn var hann ánægður með flutninginn. Hann var spenntur að byrja í skólanum og kynnast nýjum krökkum. Fyrsta daginn eignaðist hann vin og var mjög glaður. Næstu daga eignaðist hann fleiri vini en svo fór hann að sakna gamla skólans og gömlu vinanna og þá varð hann ótrúlega leiður. Sérstaklega þá daga sem tveir af nýju vinunum sneru baki við honum. Þá fannst honum allt ómögulegt við nýja staðinn.



Gunnari fannst skólinn leiðinlegur og erfiður. Hann var ekki vanur að hafa svona lítinn frjálsan tíma. Það var líka mjög erfitt að koma úr skóla þar sem voru bara 97 börn í öllum skólanum yfir í 700 barna skóla og þurfa að nota heyrnarhlífar inni í tíma.

Gunnar ákvað að fara og tala við strákana sem voru leiðinlegir við hann og þeir leystu úr málinu sem var bara misskilningur og eru allir góðir vinir núna.

Þess vegna skiptir máli að tala saman og leysa vandamálin strax svo engum þurfi að líða illa.



Kirkjuturninn

Eitt sinn var stelpa sem hét Lisbeth. Hún bjó á bæ sem hét Riddaragarður þar nálægt var risastór kirkja með háum turni.

Einn sólríkan sumardag í júní var messa í stóru kirkjunni. Lisbeth og mamma hennar sem hét Sigríður mættu á svæðið. Lisbeth hitti strák sem hét Dagur, hann var 19 ára og fékk að hringja klukkunni. Lisbeth var bara 9 ára en fékk að vera með honum að hringja klukkunni.

Messan byrjaði og þau hringdu klukkunni en allt í einu grípur Dagur um mittið á Lisbeth og hendir henni út en hún rétt nær að grípa í brúnina þegar Dagur lokar dyrunum og hlustar á messuna. Lisbeth reynir að kalla á hjálp en auðvitað kom enginn.

En þegar messan loksins kláraðist spurði Sigríður hvar Lisbeth væri. Dagur sagði að hún biði úti og þegar allir komu út og sáu hana liggjandi á jörðinni örugglega alveg stórslasaða. Hringdu þau strax í sjúkrahús og lögregluna sem kom nokkrum mínútum seinna og setti Lisbeth á sjúkrahús og um leið settu



Þeir Dag í barnafangelsi. Þegar Lisbeth losnaði af sjúkrahúsinu fór hún heim.

En einn daginn ætlaði Dagur að hefna sín á Lisbeth með því að brjótast út úr fangelsinu og stela öllu frá henni og Sigríði.

Einn þokudag í ágúst var önnur messa. Dagur grátbað um að fá að fara í messu og fékk það en tveir lögreglumenn ætluðu með honum og sátu sinn hvorum megin við hann. Í miðri messunni sagðist Dagur þurfa að fara að pissa svo lögreglumennirnir fóru með hann út og bakvið kirkju til að pissa en um leið og þeir slepptu takinu á honum spratt hann í burtu.

Þeir sáu hann hvergi út af þokunni en Dagur fór beint heim til Lisbeth en gleymdi að bíða eftir nóttinni en svo rakst hann á lögregluna sem fór með hann aftur í fangelsið og þar eftir fékk hann ekki að fara úr fangelsinu.

Pennan sama dag var haldin veisla hjá Lisbeth og Sigríði vegna þess að Lisbeth var orðin full frísk eftir fallið úr turninum en hún hafði þá brotnað á hönd og fæti. Þær lifðu vel og lengi þar til þeirra eigin sálir lögðust í dvala.



Jólasaga

Einu sinni var lítill strákur sem var svo hræddur um að hann fengi enga jólagjöf.

En einn daginn þegar hann fór í skóla fann hann litla stelpu og stelpa kom og sá hann; hann horfði á stelpuna.

Stelpa gekk til stráksins og spurði: „Hvað amar að þér?“

Hann sagði: „Ekkert sérstakt.“

„Segðu mér það bara, ég verð ekkert reið,“ sagði stelpa.

Hann sagði stelpunni hvað var að og svo gekk hún í burtu og hann hélt áfram að leika sér og hugsaði glaður: Þvílík vinkona!

Hann gekk inn í skólann glaður með sjálfan sig.



Hann fór til til mömmu sinnar, fór
að borða.

Það var lambagúllas í matinn og hann
sagði: „Ég mun fá jólagjöf. Það var stelpa
sem sagði: „Hvað amar að?“ Ég sagði á móti:
„Ekkert sérstakt“ og hugsaði vel og vandlega:
Þvílík vinkona!“

„Rosalega góðar fréttir,“ sagði mamma.
„Kúturinn minn ég held að það sé kominn
háttatími. Farðu nú að burstu og sofa.“



Rófulausi hundurinn og hárlausi kötturinn

Einn sólríkan morgun vaknaði hundurinn Snata. En það sem var ólíkt með Snötu og flestum öðrum hundum var það að hún var rófulaus. Snötu var oft strítt og fáum fannst hún einhvers virði. Eigandinn hennar var hann Ingi sem starfaði í gæludýrabúð bæjarins. Enginn vildi kaupa Snötu þannig að Ingi neyddist til að taka hana að sér heim. Inga þykir ekki vænt um Snötu og þau vita það bæði. Snötu líður illa með það. Snata er því eiginlega aldrei glöð.

En um götur bæjarinns rölti hann Valli sem var hárlaus og heimilisláus köttur. Valla fannst leiðinlegt að horfa á hvert gæludýrið á fætur öðru röltu um bæinn, brosandi og glatt, með eiganda sínum. Valla hefur alltaf dreymt um að eiga heimili og góðan vin.



Ingi, eigandi Snötu, þurfti að fara í búð í hádeginu og Snata var því ein heima eins og vanalega. En núna fékk Snata nóg. Hún nennti ekki lengur að vera alltaf leið og í vondu skapi. Snata ákvað að flýja. Hún hljóp eins og hún ætti lífið að leysa. Hjartað hennar hamaðist á ljóshraða og hún var orðin hrædd um að hún myndi rekast á Inga í bænum.

En í öllum þessum hamangangi rakst hún á hárlausa köttinn Valla. Hún afsakaði sig innilega og kötturinn sagði henni að vera ekkert að afsaka sig og spurði svo hvort að hún vildi vera vinur hans. Snata trúði ekki sínum eigin eyrum. Hún stökk hæð sína af kæti og sagði í sífellu já, já, já. Valli var ekki síður ánægður og stakk upp á því að þau myndu stinga af lengst upp í sveit. Snata samþykkti það með bros á vör.

Frá þessu augnabliki hafa Snata og Valli verið bestu vinir og búið í sveitinni þar sem ekkert eða enginn getur gagnrýnt þau fyrir að vera öðruvísi.



Bláa kindin

Einu sinni var kind. Einn daginn þegar hún vaknaði leit hún á ullina sína og sá að hún var BLÁ! Hún var rosalega hissa og fór strax til hestsins og sagði:

„Hestur, hestur, ullin mín er blá!!“

„Ha? Nei, hún er hvít,“ sagði hesturinn.

„Nei, nei hún er blá!“

„Nei, spurðu bara grísinn, kannski er ég litblindur eða eitthvað,“ svaraði hesturinn þá.

Kindin fór til gríssins

„Grís, grís, ullin mín er blá!“

„Ha, nei hún er hvít!“

„Nei, hún ER blá!“

„Æ, farðu bara til hænunnar og spurðu,“ sagði grísinn pirraður.

Kindin fór til hænunnar og sagði:

„Hæna, hæna! Ullin mín er blá!“

„Ha? nei! Hún er ekki blá. Farðu bara til augnlæknisins og spurðu hann,“ sagði hænann svolítið hissa á kindinni.



Þá fór kindin til augnlæknisins sem var gömul mús með lítil gleraugu á nefinu.

„Mús, mús, ullin mín er blá!“

„Nei, hún er ekki blá, kannski ertu litblind, á ég að skoða þig?“

„Ég held að ég sé ekki litblind,“ sagði kindin pínulítið pirruð „en þú mátt það.“

„Jæja, komdu þá inn á stofu.“

Svo tók músin nokkur litaspjöld upp. Þarna var gulur, blár, hvítur, rauður og svartur. Músinn benti á gula spjalðið og spurði:

„Hvaða litur er þetta?“

„Rauður!“ svaraði kindin góð með sig.

Músinn tók upp annað spjald sem var hvítt og spurði:

„Hvaða litur er þetta?“

„Blár!“ svaraði kindin alveg viss um að hún hefði rétt fyrir sér.

Svo tók músinn upp græna spjalðið og sagði:

„Hvaða litur er þetta?“

„Brúnn!“ svaraði kindin strax.

Loksins tók músinn upp svarta spjalðið og sagði:



„En hvaða litur er þetta?

„Svartur!“ svaraði kindin.

Músin sagði glaðlega:

„Þú ert rosalega heppin því þú ert litblind!“

„Haaa? Hvernig heppin,“ spurði kindin?

„Núna getur þú alltaf gabbað alla. Ef þú ert með rautt spjald þá getur þú sagt:

Þetta er ekki rautt og ekki verið að ljúga neinu!“



Spiladósín

Þetta er saga um unga stelpu sem heitir Hildur. Hildur er ellefu ára. Hildur á ömmu sem er nýkomin heim frá Moraira á Spáni. Amma hennar hafði sagt að hún ætlaði að koma í heimsókn.

„Mamma,“ kallar Hildur.

„Já,“ sagði mamma.

„Hvenær kemur amma?“ spurði Hildur.

Um leið og Hildur spurði dinglaði bjallan: ding dong ... Pabbi fór til dyra og í dyragættinni var amma með bleik gleraugu og í skræpóttum kjól, eins og vanalega.

„Sæl og blessuð,“ sagði pabbi við ömmu.

„Sæll,“ sagði amma á móti.

„Aldeilis ertu fín í dag. Það er alltaf svo spennandi að sjá hvaða fötum þú ert í,“ eða þannig hugsaði pabbi.

„Ó, þakka þér fyrir, herra.“ sagði amma stríðnislega.

Pabbi varð skríttinn á svip. Þegar Hildur kemur niður stigann sér hún að amma heldur á poka í hægri hendinni.



„Hæ amma,“ segir Hildur.

„Nú sæl, elskan mín hvað segirðu gott,“
sagði amma.

„Allt fínt,“ svaraði Hildur.

„Hvað er í pokanum,“ flýtti Hildur sér að segja.

„Það kemur í ljós,“ sagði amma.

„Má ég fá að sjá herbergið þitt, ljúfan mín?“
spurði amma.

„Já auðvitað,“ svaraði Hildur.

Þegar Hildur og amma voru komnar í herbergið
hennar Hildar sátu þær saman í rúminu hennar
Hildar.

„Jæja aldeilis ertu með flott herbergi það er
alveg eins og það var síðast,“ sagði amma.

„Já, ég er nú ekkert búin að breyta,“
sagði Hildur.

„Hildur mín, má ég segja þér eitt?“ spurði
amma og fór með höndina ofan í pokann.

„Já, auðvitað,“ svaraði Hildur.

„Sko, þegar ég var úti í Moraira, þá gaf maður
mér þetta og ég bara veit ekki hvað ég á að gera
við þetta svo mér langar að gefa þér það,“



sagði amma og tók upp spiladós úr pökanum sínum og gaf Hildi.

„Ó, þakka þér fyrir, amma, hún er svo falleg,“ sagði Hildur.

Hildur opnaði spiladósina. Þegar hún opnaði hana heyrðist lítið drungalegt lag. Ofan í spiladósinni var falleg dúkka með töluaugu og í gulum blómakjól og snerist í hringi. Þetta var sérstakt lag. Hildur hefur aldrei heyrt alveg eins lag og þetta. Það hljómaði eins og óvenjuleg vögguvísa. Það fór hrollur um Hildi.

„Er þér kalt elskan mín?“ spurði amma.

„Nei,“ svaraði Hildur.

„Heyrðu, við skulum koma niður, snúllan mín.“ segir amma.

„Já,“ sagði Hildur.

Þegar þær voru komnar niður var mamma Hildar að laga kaffi og setja kökur á borðið. Þegar Hildur lagðist upp í rúmið og ætlaði að fara að sofa eftir þennan dag þá heyrðist í spiladósinni sem amma hafði gefið henni um morguninn.



Litlar hetjur

Lilja er ekki mjög vinsæl stelpa í níunda bekk í Langhússkóla. En hún á samt einn vin, það er stelpa sem er með henni í bekk. Hún heitir Katla. Hún er eiginlega allt öðruvísi. Lilja er með brúnt hár og græn augu en Katla er með ljóst hár og blá augu. Lilja æfir listsund en Katla er í björgunarsveitinni. En þær haga sér eiginlega alveg eins. Lilja og Katla eru neðst á vinsældarlistanum rétt fyrir ofan bláa tyggjóid undir styttunni af skólastjóranum.

Það var snjór úti og Lilja var glöð að það var laugardagur. Hún var búin að sofa langt fram yfir það sem hún gerði á virkum dögum en vekjarklukkan á borðinu sýndi að klukkan var bara 8:57. Lilja var að vakna og labbaði löturhægt inn í eldhús; það var miði á borðinu og Lilja nennti ekki að lesa miðann. Í stað þess bankaði hún hausnum í ískápin og sagði:

„Það er laugadagur, það er laugardagur, ég vildi sofa út.“ Svo ákvað hún að lesa miðann. Á honum stóð:



„Lilja mín, ég stillti vekjaraklukkuna.“

Vekjaraklukkan hringdi ekki! En afhverju stillti mamma klukkuna? hugsaði hún og hélt áfram að lesa.

„Ég setti sundfötin á grindina. Og í guðana bænum mundu eftir sundgleraugunum þínum. Kveðja. Mamma.“

Lilja hugsaði sig um og leit á dagatalið og sá þá eitt voðalegt. Hún fríkaði út og hljóp um allt hús og kallaði:

„RÚNAR, PABBI, MAMMA, KOMIÐ AÐ HJÁLPA MÉR.“

Þá mundi hún að þau höfðu farið til ömmu að hjálpa henni að versla í matinn. Það eina sem hún gat sagt var „GUÐ MINN GÓÐUR. ÉG ER AÐ VERÐA OF SEIN Í LIST-SUNDIÐ.“ Hún dreif sig í útifötin og stormaði út og þurfti að hlaupa út í sundhöllina og sem var í hinum enda bæjarins.

Eftir sundmótið kom hún heim eldrauð í framan og var rennblaut því þegar hún lagði af stað heim var byrjað að rigna og hún hafði gleymt símanum heima.



„Ó ... hæ, elskan hvernig var á mótinu?“ sagði mamma Lilju glaðlega. Svárið sem mamma fékk var sex mínútna reiðiræða frá Lilju en að því loknu sagði mamma hennar róleg:

„Ertu þreytt? Þú vaknaðir líka svo snemma.“
Þá stornaði Lilja út.

„Gelgjuviðvörun,“ heyrði hún að pabbi sagði kíminn þegar hún skellti hurðinni á herberginu sínu.

Daginn eftir hittust Lilja og Katla hjá gömlu brúnni. Þær settust á stein á meðan Lilja kvartaði sáran undan foreldrum sínum. Útundan sér sáu þær þriggja ára strák leika sér; hann var að eltast við bolta. Lilja var að útskýra hvað það væri ósanngarnt að hún hefði þurft að labba heim í rigningunni þegar þær sáu strákinn hrasa og detta í ána. Án þess að hugsa stökk Lilja ofan í. Hún vissi að þetta var hættulegt en hún var góður sundmaður og gat haldið niðri í sér andanum lengi. Hún kafaði eftir stráknum; síðan hjálpaði Katla við að hífa hann upp á bakkann og gerði hjartahnoð.

Þær voru heiðraðar og fengu orður. Eftir þetta var þeim sama um einhvern asnalegan virðingarstiga í skólanum. Þær voru jú einu sinni hetjur.



Refurinn og maðurinn

Einu sinni var refur sem átti enga vini. Hann var leiður. Í hvert sinn sem hann gekk fram hjá göngustígnum í skóginum sá hann marga refi leika sér. Hann spurði hvort hann mætti vera með en þeir sögðu nei. Svo sá hann hús. Hann labbaði að húsinu en þegar hann sá dyrnar opnast faldi hann sig á bak við tré. Þá sá hann mann sem var líka leiður. Kannski átti hann enga vini heldur. Refurinn ákvað að tala við manninn.

„Komdu sæll maður. Ég er lítill refur og mig langar að eignast vini.“

„Ó, hæ, þú kannt að tala! Ég heiti Jón. Hvar býrð þú litli refur minn?“

„Í trjánnum hérna rétt hjá.“

„Hvar eru mamma þín og pabbi?“



„Pabbi minn er að veiða í matinn og mamma er að passa bleyju-refina.“

„Ha ha, bleyju-refina! Já, kallið þið ekki börnin ykkar bleyju-börn? Komdu inn, vinur minn.“

„Takk fyrir, en viltu vera vinur minn?“

„Auðvitað, rebbi litli.“

„Áttu enga fjörskyldu,“ spurði refurinn?

„Hvað er fjörskylda?“ spurði maðurinn.

„Það er mamma, pabbi og bleyju-refir.“

„Ó, ertu að meina fjölskyldu. Jááá, ætli það ekki. Ég hélt bara að það hétu fjörskylda af því að það er alltaf svo mikð fjör hjá okkur!“

„Nei, ég á enga fjölskyldu,“ sagði maðurinn.

„Æ, það er leiðinlegt að vera bara alltaf aleinn,“ sagði refurinn. „Viltu kannski vera í fjörskyldunni okkar?“

„Hvernig get ég það? Þið eruð refir en ég er maður.“

„Það er allt í lagi. Þú verður bara læra refasiði.“

„Nú og hvernig eru þeir?“



„Þeir eru svona“:

- Regla 1:** Vertu góður við alla og þá verða allir góðir við þig.
- Regla 2:** Vertu fjörugur.
- Regla 3:** Borðaðu alltaf með höndunum en ekki hnífapörum.
- Regla 4:** Leptu. Ekki drekka.
- Regla 5:** Gleymdu öllum mannsiðum.

„Úff, ég skal reyna. Fyrsta reglan er auðveld en hinar eru svolítið skrytnar.“

„Skrytnar? Þær eru bara ósköp venjulegar og auðveldar. Reynum. Komdu nú með mér og hittu nýju fjörskylduna þína.“

Þegar þeir komu að trjánum sagði maðurinn: „Ég sé ekkert hús. Nei, við bjuggum bara til skjól á milli trjánna og þak til að verja okkur fyrir rigningunni.“

„Ég get ekki búið hér,“ sagði maðurinn. „Hvað með að þið komið til mín og við búum öll þar?“

„Komdu og hittu fjörskylduna mína. Við skulum spyrja þau.“

Fjörskyldu refsins leyst vel á þetta og þau fluttu öll til Jóns. Nú voru allir glaðir og enginn var einmana lengur.



Án titils

Einu sinni fyrir langa langa löngu var ég í hoppukastala og ég datt á bossann. Þá kom flís í rassinn minn en ég meiddi mig ekki neitt, af því að tígrisdýr bjargaði mér með því að klóra flísina úr rassinum. Ég og tígrisdýrið hoppuðum saman í hoppukastalanum og hræddum alla hina krakkana úr honum. Við fórum svo með hoppukastalann heim til mín og lékum okkur saman. Allt í einu kom allt of mikill snjór og þá fórum við á skíði í staðinn. Við þurftum fyrst að fara og kaupa skíði fyrir tígrisdýrið en það þurfti snjóskrímsli og hræddi stelpu sem heitir Elín Margrét í burtu.

„Ó nei, hvað er þetta?“ sagði ég við Jón Pál sem var líka á skíðum.

Þá sagði Jón Páll: „Þetta er hreindýr.“

„Það var ekki gott því ég er með ofnæmi fyrir hreindýrum.“ sagði ég.



Við fórum og skoðuðum hreindýrið og sáum þá að þetta var bara tígrisdýrið. Mér fannst þetta rosa fyndið og hló þangað til ég fékk illt í magann. Svo kölluðum við á Elínu Margréti og sögðum henni að tígrisdýrið væri ekki snjóskrímsli. Henni fannst það líka rosa fyndið og við fórum öll í snjókast og tígrisdýrið líka.

Eftir að við vorum búin á skíðum og í snjócasti fórum við heim til okkar. Tígrisdýrið átti heima í hellinum sem er í nebbanum á bróður mínum. Í gær var bróðir minn svo að hnerra og þá kom tígrisdýrið út úr nebbanum hans og þá fóru þeir að leika. Síðan fórum við öll í Nebbaland og þar skoðuðum við allskonar nebba og svo fórum heim öll út í hori. Í dag fórum í prumpuland og þá vorum við öll út í prumpufýlu.

Við urðum svo öll vinir til æviloka.



Sjóræninginn

Einu sinni var sjóræningi sem villtist til Egyptalands. Hann var búinn að ganga lengi. Þá kom hann að pýramída. Stærsta, flottasta og skrautlegasta pýramída sem hann hafði séð. Hann nálgadist pýramídann og sá að hann var holur að innan. Hann gáði nær og sá ljós þarna inni. Var þetta eldur, hugsaði hann?

Hann fór enn nær og sá box sem lýsti. Var eitthvað inni í boxinu? Hann fór nær og nær og sá að þetta var upplýst box með töfrasprota.

Hann vildi taka hann.

Hann var búinn að taka hann en allt í einu hristist pýramídinn og það varð allt í reyk, hann sá ekkert. Síðan kom eitthvað til hans. Hann reyndi að flýja en sama hvert hann fór þá kom hann alltaf á sama stað. Svo sá hann að þetta var risaeðla. Hann tók upp sverðið sitt og skar hausinn af henni og hljóp svo burt.

Nokkrum árum seinna, þegar hann var orðinn



gamall og var að gramsa í geymslunni hjá sér, fann hann töfrasprotann. Hann mundi gamlar minningar. Hann sá svo fréttablað þar sem stóð skýrum stöfum: öll vermæti flutt með flugskipum. „Ég fer þá upp í geim.“ Hann keypti geimskip.

Núna er sjóræninginn kominn til plánetunnar Satúrnusar og plánetan byrjaði að syngja: „Ég er Satúrnus, ég er sæt og fín, ég er besta plánetan, allir þrá mig, allir dá mig, allir elska mig, ég er best.“

„Heyrðu Satúrnus, hefurðu séð skip hérna nýlega?“

„Nei,“ sagði Satúrnus.

„Takk fyrir, bless.“

„Æ, kannski hefurðu verið að meina flugvélar, ég ætti þá að fara niður.“ En rétt í þessu kom eitthvað upp á ljóshraða. Hann sá að þetta voru Hrippur og Hrappur sem svindluðu á honum svo hann villtist til Egyptalands. Hann ætlaði sko ekki að láta þá sleppa.

Hann flýtti sér upp og sá að þeir voru að sturta sex milljónum í hringina á Satúrnusi og þegar þeir



sáu ekki, fór hann og tók hann peningana og fór niður á jörðina. Hann sá að fréttablað sagði að sex milljónum var stolið frá Rikka ríka.

„Áhugavert, ég ætti að kíkja á þau.“

Þá var bankað. Dóttir hans fór til dyra. „Hvað viltu?“ öskraði hún. „PABBI, komdu strax. Það er maður hérna.“ Hann kom. „Er allt í lagi?“ spurði maðurinn. „Ég heiti Rikki ríki.“

„Ég er með peningana ykkar.“

„Heyrðu, takk fyrir. Þú átt skilið fundarlaun!“

Hann fór heim í rúmið og sagði: „Nú er nóg komið af ævintýrum.“

Og svo sofnaði hann.



Draugaskólinn

Fyrir langa löngu var skóli sem hét Myrkraskóli. Skólinn er 4000 ára og það eru 100 krakkar í honum. Það er til saga um skólann og fjóra krakka sem voru í honum. Sagan byrjaði svona.

Það voru 4 krakkar, 2 stelpur og 2 strákar. Stelpurnar heita Elísa og Anna. Strákarnir heita Einar og Svanur. Þau fóru í skólaferðalag með bekknum sínum: Meðan sumir krakkarnir voru að setja upp tjöldin fóru Elísa, Anna, Einar og Svanur út í skóg að leita að berjum en fundu eitthvað annað. Það lá á jörðinni og var loðið Elísa snerti þetta og það sneri sér og horfði á Elísu. Hún Elísa klappaði því en hinir krakkarnir sögðu: „Nei, ekki snerta þetta aftur.“ Svo sá Elísa vængi og horn og sagði: „Þetta er einhyrningur.“

Hún hoppaði á bak og einhyrningurinn flaug í burtu með Elísu. Anna öskraði og sagði strákunum að sækja kennarann og þeir gerðu það.



Kennarinn kom og þau sögðu kennaranum hvað gerðist. Allur bekkurinn fór aftur í skólann en það heyrðist aldrei meir af Elísu.

Elísa er núna annars staðar í heiminum, örugglega í einhverju töfralandi með einhyrningum og álfum. Núna er líf hennar örugglega betra. Hún er að hugsa um vini sína. Elísa er að hugsa um að senda einhyrninga til að sækja Önnu, Einar og Svan. Og það gerði hún. Næsta dag komu einhyrningarnir með krakkana og þau fóru út að borða. Svo fóru þau heim að sofa.

Sumir segja að þeir hafa séð 3 einhyrninga með krakka á baki. Þið getið kannski óskað ykkur að einhyrningar komi að sækja þig og vini þína til að fara með ykkur í eitthvað land sem þið viljið fara í.

Þetta ár gerðist þetta aftur en ekki alveg eins. Núna fóru 10 krakkar sem heita Tinna, Sara, Stella, Dagný, Helga, Hekla, María, Daniella, Jasmín og ég Pálína. Við fórum til Los Angeles að hitta Marcus and Martinus, Liza Koshy.



Elegt God

KAFLI 1

Einu sinni var strákur sem hét Jack Wilder. Hann var 13 ára. Hann átti heima á Fjalley. Þar var mikið til af skrýtnu dóti. Það var demantur sem hét Elegt. Demanturinn var goðsögn. Sagan segir að demanturinn var lengst inni í hættulegasta fjalli á Fjalley. Enginn þorði að fara inn í það nema Jack. Enginn vissi að hann var að fara. Hann var að labba upp stigann og hugsaði með sér: Af hverju er stigi alla leið á toppinn? Og labbaði alveg upp að toppnum. Á toppnum var hurð. Þegar hann var kominn aðeins inn í fjallið heyrðist BAMM!

Jack sneri sér við og hljóp að hurðinni. Hurðin var læst. Jack skalf, hann sá ljós og hélt að þetta væri útleið en nei. Þetta var Elegt demanturinn. Jack tók demantinn. Elegt demanturinn byrjaði að hverfa. Duftið flaug í líkama Jacks.



Augun byrjuðu að skipta um lit. Jack var orðinn óttasleginn.

Allt í einu hugsaði Jack orðið fljúga og Jack flaug! Það fannst honum geggjað. Svo hugsaði hann orðið eldur. Þá birtist eldur í höndunum á Jack. „AAA,“ hrópaði Jack og henti báðum eld-boltunum í hurðina. Jack gat farið út. Svo hugsaði hann snjóbolti. Það birtist snjóbolti í höndunum á Jack. Hann kastaði snjóboltanum og hann þaut í einhvern mann. Maðurinn var fuglaskoðari. Hann hét Saxer. Hann datt af fjallinu og þaut niður.

KAFLI 2

Jack hugsaði fljúga og flaug á eftir Saxeri. Jack reyndi að lyfta honum upp. Hann prófaði að hugsa sterkur. Það virkaði! Jack gat lyft honum upp.

„Hver ertu?“ spurði Saxer.

„Ég hef engan tíma, afsakið!“ svaraði Jack og flaug niður að heimili Evans. Evan er besti vinur hans Jacks.



Jack dinglaði hjá Evani. Evan kom til dyra og sagði:

„Hæ, ef þú spyrð þá máttu koma inn.“

„Takk,“ sagði Jack.

„Viltu ná í röntgentækið?“ spurði Jack.

„Já, já,“ svaraði Evan.

Röntgentækið skannaði hjartað á Jack. Hjartað var Elegt demanturinn.

„Er ... þetta ... Elegt demanturinn?!“ sagði Evan hissa.

„Uss! Enginn má heyra það!“

Evan svaraði: „Ó, já, fyrirgefðu.“

Jack svaraði svo rólega: „Allt í lagi.“

Á meðan heima hjá Saxeri ...

Hann átti heima í Kanada. Einn venjulegan dag í Kanada sá Saxer að höndin á

honum var að breytast í stein. Eftir einn klukkutíma var hann allur orðinn að steini.

Saxer var dáiinn. Lögreglan kom strax, Saxer lá á gangstéttinni. Allir voru að tala um þetta að Saxer



breyttist í stein. Það birtist í blöðunum um allan heim.

Þegar Jack sá Saxer vera orðinn að steini þá vildi hann ekki snerta fólk. Annars mundi þau breytast í stein. Evan var að fara að leggja handlegginn á Jack en þá sagði Jack: „Ekki snerta mig!“

„Af hverju?“ sagði Evan.

„Bara,“ svaraði Jack. „Ég ætla að fara heim.“

Það var kominn annar fallegur dagur. Jack fór í skólann.

Komið var að frímínútum. Strákur í skólanum sem var frá Íslandi hét Óskar Valentine. Allt í einu tók Óskar í hendina á Jack. Jack skalf.

Óskar sleppti takinu strax þegar hann sá að höndin á sér var orðin grá.

Óskar sagði: „Hvað gerðirðu! hvað er þetta!!?“

Óskar tók aftur í höndina á Jack, Jack hugsaði: brennheitur.

„Ái! Af hverju ertu brennheitur!?“ sagði Óskar reiður. Óskar var hrekkjusvín og átti fáa vini. Hann var fjórtán ára, einu ári eldri en Jack.

Frímínúturnar voru búnar. Það var stelpa sem



hét Jessica Rose. Jack var að setjast á bekk úti og hugsaði: „Hann Óskar breytist í stein líka!“

Jessica gat lesið hugsanir og átti enga vini, hún var kölluð Mrs. Lonely.

„Hæ,“ sagði Jessica.

„Af hverju ertu að horfa á mig?“ sagði Jack skrýtinn á svip.

„Ó, já, ég get lesið hugsanir,“ svaraði hún. Jack sagði áhyggjufullur: „Þú sást leyndarmálið mitt, ekki satt?“

KAFLI 3

„Var þetta leyndarmál?“ sagði Jessica. „Já,“ svaraði hann, dálítið niðurdreginn.

„Fyrirgefðu,“ sagði Jessica. „Samt viltu koma heim til mín?“

„Ókei,“ svaraði Jack.

Skólinn var búinn, Jack og Jessica voru komin heim til hennar.

„Förum inn,“ sagði Jack glaðlega.



„Uss, ekki fara inn, bíddu hér,“ hvíslaði Jessica.

„Af hverju?“ svaraði Jack.

„Það er skrímsli kannski að fela sig einhvers staðar hér,“ hvíslaði Jessica.

„Ég skil,“ svaraði Jack, „hvenær byrjaði þetta?“ spurði hann.

„Þegar þú lést Saxer breytast í stein, Saxer er með rauð augu,“ hvíslaði Jessica og læddist inn.

Jack og Jessica heyrðu ískur. Allt í einu stökk Saxer fram með vígtennur og með rauð augu. Draugalegur!

Saxer greip í höndina á Jessicu, „Jessica!“ hrópaði Jack og hugsaði:

eldsverð, þá breyttist höndin á Jack í eldsverð og skar höndina af Saxeri.

„Hvernig geturðu flogið stráksi,“ endurtók Saxer aftur og aftur. Saxer sagði það þrisvar sinnum og fór.

„Ekki segja neinum,“ sagði Jack og labbaði inn.

„Allt í lagi,“ svaraði Jessica hissa.

„Komum inn!“ sagði Jack glaðlega. Jessica og Jack fóru inn.



Jack sá fallegan demant og sagði: „Er þetta Elegt demanturinn?!“

„Gæti verið,“ svaraði Jessica. „Má ég sjá?“ spurði hann.

„Allt í lagi en taktu hanskana þetta getur verið sjaldgæfur brennisteinn,“ svaraði Jessica og Jack byrjaði að skoða. Jack tók steininn upp en svo missti hann takið á honum.

„Jessica!“ sagði hann órólegur. Jessica kom róleg inn:

„Hva...AAA!“ öskraði hún. Jessica greip steininn og sagði:

„Hvað varstu að ger...“ og það leið yfir hana. Jack beið í tíu mínútur og sagði:

„Er allt í lagi?“

„Já, já, ég ætla að fara að ná í vatn,“ sagði hún og um leið birtist vatn. „HVAÐ...!“ sagði Jessica hissa.

„Okei, þetta er Elegt steinninn,“ sagði Jack.

„Það er vont veður í dag,“ sagði Jack.

„Já, það verður mikill vindur, kannski hvirfilbylur!“ sagði hún og um leið kom hvirfilbylur.



„SEGÐU SÓL!!“ öskraði Jack.

„SÓL!!“ hrópaði Jessica og það kom sól.

„Ekki segja þetta aftur ...“ sagði Jack feginn.

„Móttekið!“ sagði hún álíka feginn.

„En það er sagt að ef ég snerti einhvern þá breytist hann í skrímsli eins og Saxer ...“

sagði hún „...og Óskar!“ sagði hann.

„SNERTIRÐU ÓSKAR????“ spurði hún reið.

„Já, hann tók mig allt í einu upp ...“ sagði hann dálítið niðurdreginn.

„Okei, núna skil ég,“ sagði hún.

„Ég ætla að fara heim, klukkan er AAA!!“ hrópaði Jack.

„Hvað?!“ spurði Jessica forvitin.

„Það er... nótt,“ sagði Jack.

KAFLI 4

„Haaa, það getur ekki verið, við höfum bara verið hérna í klukkutíma!“ sagði Jessica og leit á klukkuna. Það var rétt hjá Jack... Það var nótt.

„Ég sá smá ljós þegar þú krepptir hnefann og



sneri honum fram, prófaðu það!“ sagði Jack. Jessica prófaði og tíminn flaug! Jack stóð þarna og sagði hissa:

„Vááá, þú getur stjórnað tíma!“ Jessica leit hugsi á gluggann.

„Farið úr bænum!“ heyrðist hrópað.

Joey var hlaupandi, Joy var á eftir honum. Joey var kallaður „Champ“ af því hann var frægasti vísindamaðurinn á Fjalley en hann var með gasgrímu þannig að enginn þekkti hann og hlýddi honum. Joy var vísindamaður, hún og Joey voru bestu vinir en enginn þekkti Joy.

Joey kallaði aftur „eldgos!!“

Jessica fór aftur í tímann, það var rétt hjá Joey, það er að fara að gjósa, hugsaði hún. Hún fór aftur á sinn tíma og sagði hrædd:

„Jack, við verðum að vernda bæinn!“

„Við höfum krafta en við viljum ekki fréttamenn út um allt að leita að okkur,“ sagði hann.

„Það er reyndar rétt,“ samsinnti hún.

„Bíddu aðeins,“ sagði Jessica. „Ég er enn hér,“ svaraði Jack.



„Þetta er ekki eldgos,“ sagði hún. „Ég sá konu á eftir okkur og það var mamma mín!“

„Þannig að þessi Óskar er að gera þetta,“ sagði Jessica.

„Hann er að leita að okkur og gera her,“ sagði Jack.

Allt í einu kom jarðskjálfti.

„Það er að byrja!!“ hrópaði Jack. „Drífum okkur!“ sagði hann svo.

Jack fór í hettupeysu en Jessica hugsaði að hún vildi að hún væri ósýnileg.

„Jessica, hvar ertu!?“ sagði Jack. „Jess!“ sagði hún.

„Þetta er enginn tími fyrir feluleik,“ sagði hann óþolinmóður.

„Þetta er einn af ofurkröftunum mínum,“ sagði Jessica spennt.

„Nú! Geggjað!“ svaraði hann svo.

„Já, en núna þurfum við ...“

„Guð minn góður“ hrópaði Jack.

Eldgosið hvarf hratt en fólkið var allt orðið að steini.



„Bíddu aðeins, þetta er ekkert eldfjall,“ sagði Jack, „það er með hjarta og Óskar er að stjórna því.“

„Já, en hvernig komumst við inn í fjallið?“ spurði Jessica.

„Ég held að ég sé með hugmynd,“ sagði hann gæjalega.

Jack hugsaði Teleport og þau birtust allt í einu í fjallinu!

„Jahá!“ sagði Jessica hissa. Hjartað var nú beint fyrir framan þau.

KAFLI 5

„Þið farið ekkert!“ hrópaði einhver illilega.

Jack hugsaði röntgenaugu og sá þá Óskar.

„Óskar Valentine!“ hrópaði Jack. „Gefstu upp núna!“ hrópaði Jessica.

„Fyrirgefðu, en þið eruð dauð!“ öskraði Óskar og tók í höndina á Jessicu.

„Ég berst við hann á meðan þú stjórnar hjartanu!“ hrópaði hún til Jacks.



„Jebb,“ svaraði Jack og lét fjallið gjósa og þegar eldgosíð snerti bæjarbúa breyttust þeir aftur í fólk.

„Jessica, farðu fimm mínútur fram í tímann!“
hrópaði hann.

Jessica gerði það og allur bærinn var orðinn alveg eins og áður. Eldgosíð var farið og Óskar fór í fangelsi þó hann væri strákur.

„Endir,“ sagði Lilja og lokaði bókinni.



Heimsendirinn

Árið 1955, það var árið sem ég Karen bjargaði heiminum með vinum mínum. Og það er akkúrat það sem ég ætla að segja ykkur. Það var morguninn 20 nóvember 1955 þegar ég sat í rúminu og las bók. En allt í einu heyrði ég dink úti við gluggann minn. Ég hrökk upp og hljóp fram, ég hljóp að útidyrnum og opnaði þær.

Það var dimmt úti, en hvað sé ég? Ég sé glitta í eitthvað í grasinu og fór og sótti það. Mamma kallaði á mig í morgunmat. Mig langaði ekki að borða strax og sagði:

„Já ég kem eftir smá stund ég þarf aðeins að klára eitt.“

Í stað þess að setjast við borðið tók ég morgunmatarskálina inn í herbergi til þess að skoða þetta betur. Þetta var svona kassakringlótt. Hlynur bróðir minn kom inn. Ég sagði honum að fara fram en hann vildi sjá hvað ég væri með og tók það af mér og hljóp fram.



„Hlynur komdu með þetta ég á þetta,“ sagði ég. Að lokum rétti hann mér það nú samt en þá gerðist svolítið hræðilegt. Hann missti það! Og ... það ..brotnaði!! Ég fékk tár í augun.

„Ekki gráta, Karen,“ sagði Hlynur. „Sjáðu, það er eitthvað inni í því.“

Ég leit upp. Já, það var rétt hjá Hlyni. Ég gekk að því og tók það. Úúúúú það var bréf inni því. Ég las það og það var einhvern vegin svona:

Halló einhver. Við herinn minn ætlum að tortíma jörðinni. Fyrirgefðu en við barasta hötum ykkur, allt þetta ógeð. Lifið vel þessa 3 klukkutíma sem þið eigið eftir. Kveðja Ríttjall Ember Kolomig, konungur Marsbúana.

Ég hljóp í skólann þegar ég var búinn að lesa bréfið til þess að segja vinum mínum frá bréfinu. Í fyrstu trúðu þau mér ekki en ég náði að sannfæra þau um að þetta væri satt.

Þegar við vorum í tíma kom eitthvað svakalega stórt geimskip og örugglega þúsund lítil geimskip með því. Allir krakkarnir hlupu út, ég hljóp með Fanney bestu vinkonu minni út og líka Ernu



umsjónarkennaranum okkar. Það hlupu allir heim nema ég, Fanney, Sigursteinn, Elín, Vignir, Sverrir, Kári, Arney og Patrekur. Við vildum öll stöðva Marsbúana. Allt í einu opnaðist gat á öllum geimskipunum. Ég sá ekki alveg hvað þetta var, jú þetta var slím!!!

„AAAAA allir í skjól!!“ Allir krakkarnir hlupu í skjól. Fanney kom til mín. Henni datt í hug að reyna að kasta snjóboltum í þá og fæla þá burt. Við sögðum öllum krökkunum að taka eins mikið af snjó og þau gætu og kasta snjónum í geimskipin. Við köstuðum og köstuðum en ekkert virtist ganga. Þá datt mér í hug að tala við Marsbúana. „Hver er með?“ sagði ég. Enginn rétti upp hönd.

„Jæja þá þá fer ég bara ein!“ Ég reyndi að sýnast ekkert hrædd en í rauninni var ég alveg skíthrædd. Ég gekk út í slímið í átt að geimskipunum. Ojji, hvað þetta var ógeðslegt.

„Heyrðu þarna Marsbúi, kallaði ég. „Geturðu komið aðeins að tala við mig?“ Ummmm það tók smá tíma en loksins kom það niður. Dyrnar á geimskipinu opnuðust og út kom alveg hrikalegt og mjög slímugt skrímli.



„Sæll,“ sagði ég.

„Góðan dag, ég er Rítjall Ember kolomig, konungur Marsbúana og hvað viltu?“ spurði hann.

„Mig langar að það verði frelsi á milli manna og Marsbúa.“ sagði ég.

„Ummm, afhverju?“

„Af því að við viljum ekkert að þið tortímið jörðinni.“

„Ummm, allt í lagi, ég skal hugsa málið,“ sagði hann.

Að lokum samþykkti hann þetta með einu skilyrði. Að við menn myndum hætta að senda svona tæki út í geim. Við sögðumst hringja strax í mennina sem gerðu það og biðja þá um að hætta því. Og þá fóru þeir með bros vörum.

„Komið fljótt aftur,“ kölluðum við á eftir þeim og sögðum að þau væru alltaf velkomin aftur. Eftir þetta vesen fór ég heim og það var haldin veisla.

Nú er árið 2018 og ég er orðinn gömul og grá. Marsbúarnir hafa ekki enn látið sjást til sín en hver veit? Kannski koma þeir einhvern tímann?



Án titils

Einu sinni voru tvær stelpur í skólanum sem hétu Lilja og Katla. Þær voru alltaf saman. Á ganginum, í mötuneytinu, í frímínútum, í framtíðinni ...

Nema hvað, einn daginn eru þær í frímínútum.

Lilja „Hvað ertu að gera Katla?“

Katla: „Hvað meinarðu?“

Lilja: „Þú ert með með mér.“

Katla: „Og hvað?“

Lilja: „Þú ert skritin.“

Katla: „Æj, Lilja ... Hvað á að koma næst í sögunni okkar?“

Lilja: „Hvað með að ég segi fyrirgefðu?“

Katla: „Ekki strax. Sigyn Blöndal sagði að sagan ætti að vera 3-4 blaðsíður.“

Lilja: „Allt í lagi. Hvað með að við séum í rokhljómsveit?“

Katla: „Ha, er það ekki rokk?“

Lilja: „Allt í lagi, ekki það þá. Má ég núna segja fyrirgefðu?“



Katla: „Ekki strax.“

Lilja: „Hvað með núna?“

Katla: „Nei!“

Lilja: „Hvað með að við semjum sögu í sögunni?“

Katla: „Það væri mjög fyndið.“

Á meðan þær voru hugsa, hringdi skólabjallan. Í tíma laumuðust þær til að skrifa söguna sem þú ert að lesa núna. Finnst þér hún skemmtileg? Lestu, þetta kemur þér á óvart!

Kennarinn tekur eftir þeim.

Kennarinn: „Þið tvær, þið eruð ekkert að fylgjast með. Til skólastjórans með ykkur.“

Lilja: „Hvar er skólastjórinn?“

Katla: „Ég veit það ekki en notum bara tímann til að halda áfram með söguna okkar!“

Lilja: „Hvað gerist þá næst í henni?“

Katla: „Við látum skólastjóran koma inn og segjast vera með verkefni fyrir þær.“

Lilja: „Hvaða verkefni?“



Katla: „Við látum hann segja að við eigum að fara út í Dimmaskóg á vakt og passa að engin dýr komi inn í skóginn sem eiga ekki að vera þar.“

Lilja: „Og um leið og hann hefur sagt þetta stekkur mús út úr veggnum og það líður yfir hann af því hann er skíthræddur við mýs.“

Stelpurnar halda áfram með söguna sína.
Í því kemur skólastjórinn.

Skólastjóri: „Jæja, stelpur mínar, hvað eruð þið að gera hér?“

Katla: „Við vorum sendar hingað af því við vorum ekki að læra.“

Lilja: „Já, við vorum sko að skrifa sögu.“

Skólastjórinn: „Nú já, það gengur nú líklega ekki.“

(Um leið og hann sleppir orðinu, sér hann mús stökkva fram á gólfíð og það líður yfir hann.)

Katla: „Vó! Hvað ef einhver kemur inn og sér skólastjórann í yfirliði á gólfinu?“

Lilja: „Það verður allt í lagi.“



Katla: „Ættum við samt ekki að láta einhvern vita?“

Lilja: „Jú, eftir smástund, við þurfum bara að klára söguna.“

En það varð ekki þannig. Kennarinn þeirra kom inn. Hún var farin að undrast um þær og varð reið og æst þegar hún sá skólastjóran.

Kennari: „Hvað gengur á?“

Stelpurnar: „Það kom mús hlaupandi út á gólfið og það leið bara yfir hann. Hann er örugglega hræddur við mýs.“

Kennari: „Gott hjá ykkur að segja sannleikann en þið vitið auðvitað að þetta má ekki.“

Stelpurnar: „Okkur langaði bara svo að klára söguna svo við gætum sent hana inn í keppnina.“

Kennari: „Jæja, ég fer og sæki vatn handa skólastjóranum.“

Katla: „Nú máttu segja fyrirgefðu.“

Lilja: „Fyrirgefðu,“

VARÚÐ!!!!

**NÆSTA
SMÁSAGA
ER EKKI FYRIR
VIÐKVÆMA**



Hættuspil

Formáli

Andrew starði niður á blóðugt gólfið þar sem Jennifer lá hreyfingarlaus. Hann rifjaði þetta upp. Ég heiti Andrew, ég bý í London, ég er 27 ára og ég var að enda við að drepa ... nei, myrða konuna mína, hugsaði hann hægt. Hann skalf allur og þegar hann leit upp sá hann ekki sjálfan sig heldur skrímli í speglinum fyrir framan sig. Andrew kraup niður í blóðpollinn og grét.

„Viltu gjöra svo vel að opna dyrnar, þetta er lögreglan,“ Andrew hrökk við. Hvernig höfðu þau fundið hann svona fljótt, hugsaði hann. Hann vissi ekki betur en að þau fyrir neðan hefðu verið farin út þegar hann ...



„Brjótíði bara upp hurðina,“ hrópaði hann óskýrt. Hann heyrði hurðina skella í gólfíð og fann stingandi sársauka þegar einn lögregluþjónninn tók hann löggutaki á meðan hinir annaðhvort sinntu líkinu eða litu undan.

„Jæja vinur, við skulum sjá hvort lögfræðingurinn hafi ástæðu til þess að létta dóminn aðeins,“ sagði lögregluþjónninn og fór með Andrew út í bíl.

Kafli 1

Kolfinna skoðaði myndina annars hugar. Hún hafði grandskoðað hana í u.þ.b. hálf tíma og var nú byrjuð að efast um að lögreglan væri hentugasta starfið fyrir hana. Hún hafði vonast eftir spennandi eltingaleikjum við glæpamenn þegar hún sótti um en í staðinn hafði henni verið úthlutað því „mikilvæga“ (eins og lögreglustjórinn orðaði það) verkefni að leita upplýsinga um einhvern Andrew Song, morðingja frá London, sem nú þegar var búinn að handtaka. Kolfinna hallaði sér aftur í stólnum og dæsti. Allt í einu



tók hún eftir því að það var óvenju mikil ringulreið frammi og lögreglustjórinn húkti ekki eins og vanalega inni á læstri skrifstofunni sinni, heldur stefndi hann beint í áttina til hennar. Hann gekk hröðum, stórum og þungum skrefum og var einbeittur og hugsí á svip. Þegar hann tók í hurðarhúninn fylltist Kolfinna af áhyggjum.

„Hvað gerði ég?“ spurði hún en stjórninn lét sem hann heyrði ekki í henni heldur settist niður við hliðina á henni.

„Kolfinna, þú veist að starfið þitt er mjög mikilvægt og nú þurfum við nauðsynlega á þér að halda.“ Kolfinna ætlaði að grípa fram í fyrir honum en lögreglustjórinn hélt ótrauður áfram,

„Andrew Song, morðinginn sem ég bað þig um að leita upplýsinga um, slapp úr fangelsi í gær, sem útskýrir af hverju þú fékkst þetta verkefni. Hann var staddur á Leifsstöð fyrir klukkutíma. Ég vil að þú upplýsir mig um hvert smáatriði um hann!“ Kolfinna horfði undrandi á hann og sá allt í einu eftir því að hafa ekki verið nógu áhugasöm um verkefnið sem henni hafði verið úthlutað.

„Umm ...“ Kolfinna hikaði, „það litla sem ég veit er það sem stendur á ferilskránni.“



„Og hvað stendur þar?“ spurði lögreglustjórinn æstur.

„Ehemm, Andrew myrti konuna sína í æðiskasti og þegar tveir lögregluþjónar reyndu að handtaka hann, drap hann þá líka. Vopnin voru eldhúshnífur og ... eeh ... bíllyklar.“ svaraði Kolfinna hikandi. Lögreglustjórinn horfði hugsi á myndina af Andrew og sagði loks:

„Ekkert nýtt fyrir mér. Það er ljóst að ég þarf að fá einhvern annan í þinn stað.“

Vá, takk fyrir hrósið, hugsaði Kolfinna en sagði ekkert. Ég býst við því að fá að færa lögreglustjóranum kaffið sitt.

Þegar Kolfinna vaknaði daginn eftir var hún með ólgu í maganum. Kvöldið áður hafði hún ákveðið að ef að hún yrði færð yfir í eitthvert ömurlegt starf hjá lögreglunni myndi hún segja upp og sækja um starf í víkingasveitinni þar sem hún myndi áreiðanlega fá spennandi verkefni. Þess vegna borðaði hún morgunmatinn sinn í flýti og keyrði spennit en pínulítið kvíðin á lögreglustöðina. Þegar hún kom inn gekk einn lögregluþjónninn á móti henni og brosti til hennar.



„Til hamingju með starfið,“ sagði hann blíðlega en Kolfinnu fannst það vera kaldhæðið og vildi helst ulla á hann. Óþarfi að vera dónalegur, hugsaði hún og hélt áfram.

Þegar hún settist niður á skrifstofunni sinni sá hún lögreglustjórann ganga í áttina til hennar.

„Æ já, ég á að vera einhvers staðar annars staðar,“ muldraði hún og lét sem hún sæi hann ekki. Þegar hann gekk inn kom hún sér strax að efninu.

„Já já, ég veit, þú ætlar að færa mig yfir í klósettþrif,“ sagði hún pirruð og leit á hann, „eða verð ég bara rekin strax?“ Lögreglustjórinn settist niður við hlið hennar og lét sem hann hefði ekki heyrt í henni.

„Þú verður færð yfir í víkingasveitina, samstarfsmaður þinn verður Darri Páll Einarson. Þið byrjið á morgun og verðið send í það að leita uppi Andrew Song,“ sagði Kolfinna og hermdi eftir djúpri rödd lögreglustjórans.

„Leynilögreluna, ekki víkingasveitina,“ sagði hann og gekk út.



Kafli 2

Kolfinna fékk frí í einn dag, hugsaðan til að undirbúa sig en hún var mest allan tímann að jafna sig. Hún hafði verið eins og í sjokki og var því nýbyrjuð að hugsa um hvernig hún ætti að kynna sig fyrir fólki. Hún stóð fyrir framan spegilinn, þóttist halda á nafnspjaldi sem hún rétti fram og sagði: „FBI“ eða „Leyniþjónustan“. Eftir nokkar mínútur varð hún leið á því, settist í sófann og kveikti á sjónvarpinu.

Hún stillti á RÚV þar sem fréttir voru í gangi. Umtalsefnið var aðallega það að eftirlýstur morðingi gengi laus á landinu og að Hagavagninn var að opna aftur. Það var tekið viðtal við ríkislögrelustjórann, Harald Johannessen, sem lýsti því yfir að hann myndi senda sínu bestu menn í það að leita uppi og handtaka Andrew Song, þau Óskar Smára Viðarsson, Jóhönnu Guðjónsdóttur og Kolfinnu Ólafsdóttur. Kolfinna slökkti á sjónvarpinu og hallaði sér aftur í sófanum.



Daginn eftir var ys og þys á lögreglustöðinni. Haraldur ríkislögreglustjóri ætlaði að mæta á svæðið og allir voru að taka til og láta allt líta sem best út. Þegar Kolfinna kom tók lögreglustjórinn á móti henni og kynnti hana fyrir Óskari sem reyndist sérhæfa sig í tækni og var ráðinn til að hakka sig inn í kerfi glæpamanna og tala við hina gegnum talstöðvar og heyrnatæki.

„Jóhanna er því miður ekki mætt enn,“ sagði lögreglustjórinn vingjarnlega. Hann var greinilega miklu auðmýkri þegar yfirmaðurinn hans var væntanlegur.

Allt í einu sló grafarþögn á hópinn og einhver opnaði dyrnar. Kolfinna og Óskar stilltu sér upp fyrir aftan lögreglustjórann sem tók á móti gestinum. Kona um tvítugt gekk fram hjá honum eins og hann væri ekki þarna, augljóslega Jóhanna. Á eftir henni kom dökkhærður maður í einkennisbúningi, augljóslega Haraldur. Kolfinna tók eftir því að lögreglustjórinn var dálítið óstöðugur og tók hikandi í höndina á Haraldi sem gekk síðan rակleitt á eftir



Jóhönnu sem hafði komið sér fyrir við hliðina á Óskari.

„Þið hljótið að vera Kolfinna og Óskar,“ sagði hann og horfði rannsakandi á þau.

„Þú ættir eiginlega að þekkja okkur fyrst þú valdir okkur,“ sagði Óskar og leit spyrjandi á hann.

„Jón mælti með nokkrum og ég valdi tvo af handahófi,“ útskýrði Haraldur. Kolfinna furðaði sig á því að lögreglustjórinn hefði mælt með henni en bægði þeirri hugsun frá sér.

„Tvo?“ spurði hún, „ég hélt við værum þrjú saman.“

„Ég er besti meðlimur víkingasveitarinnar og þar að auki frænka Haralds svo að það kom ekki til greina að stroka mig út af listanum,“ sagði Jóhanna, aðeins of ánægð með sjálfa sig. Kolfinna fann það einhvern veginn að Jóhanna yrði ekki í uppáhaldi hjá sér og skipti þess vegna um umræðuefni.

„Jæja, eigum við ekki bara að koma okkur að verki?“ sagði hún og rétti úr sér.



„Jú, komum,“ svaraði Óskar og leit vandræðalega á Jóhönnu, greinilega að bíða eftir að hún legði af stað. Hann var greinilega ekki á sama máli og Kolfinna, hvað Jóhönnu varðaði. Kolfinna gekk af stað og tók þá eftir því að Haraldur átti erfitt með að halda í við hana. Hún hægði á sér og spurði hann hvert ferðinni væri heitið.

„Hverfisgötu, skrifstofuna hans Óskars, hann verður þar og þið farið eftir fyrir mælum hans gegnum talstöðvar,“ sagði hann.

„Fyrir mælum? Hann er ekkert háttsettari en Jóhanna,“ sagði Kolfinna og stoppaði.

„Óskar getur fundið Andrew í gegnum símann hans eða myndavélar þannig að það er réttast að þið treystið honum og gerið eins og hann segir,“ svaraði Haraldur, gekk út, settist inn í bílinn sinn og keyrði af stað.

Á lögreglustöðinni við Hverfisgötu var mikið um að vera. Kolfinna komst að því að þau voru ekki ein með þetta verkefni, (auðvitað ekki,



Þetta var eftirlýstur morðingi) heldur bættust tveir við til að hjálpa til með tækniæfið. Einn maður, Róbert, hjálpaði Kolfinnu og Jóhönnu og víkingasveitin var tilbúin til að verja þau ef að þörf krefði. Fréttir bárust um að líklega hefði Andrew fengið bandamenn, væntanlega einhverja sem ættu vopn, svo að þau voru við öllu búin. Og loksins, þegar allir voru búnir að kynna sig fyrir öllum var komið að því að gera áætlun.

„Ókei Óskar, þú verður á línunni, finnur Andrew með hjálp Gunnars og Viktoríu. Jóhanna og Róbert, þið gerið nákvæmlega eins og Óskar segir og ef annað ykkar lendir í vandræðum, kemur hinn aðilinn og hjálpar. Kolfinna, þú leitar að bækistöðvum Andrews og hefur Viktoríu á línunni og í leiðinni finnurðu þá væntanlega út hvort Andrew hafi bandamenn. Ef svo er verður hluti af víkingasveitinni að elta þig og eftirlitsmyndavélar um allt, sama gildir um ykkur tvö,“ sagði Haraldur og leit á Jóhönnu og Róbert.



Kolfinna kinkaði kolli og stóð upp.

„Svo hvert er ferðinni heitið?“ spurði hún og gerði sig tilbúna til að leggja af stað. Óskar tók til máls.

„Ókei umm, Jóhanna og Róbert, þið farið í Smáralindina í Kópavogi og Kolfinna í Kringluna. Hann er bara allur í búðunum, hugsaði Kolfinna en þagði; þetta var greinilega hvorki staður né stund til að gantast með neitt.

„Halló, Kolfinna? Heyrirðu í mér?“ Kolfinna bar hendina upp að eyranu.

„Ha? Já, hvert viltu að ég fari?“ spurði hún. Fyrst þegar hún sá heyrnartækin hafði hún orðið æsispennnt að setja þau á sig en nú var hana farið að klæja undan þeim.

„Beygðu til vinstri frá Stjörnutorgi, í átt að bíóinu.“ Hún hafði líka sett á sig staðsetningartæki sem leit út eins og sígarettupakki að utan en var fullt af vírum í flækju sem hún skildi ekkert í. (Gunnar hafði fundið þetta upp þegar sprengja var staðsett í skotti á leigubíl sem átti að springa fyrir utan Ráðhúsið. Leynilögregluþjónn hafði dulbúið sig, leigt sér far og þóst



gleyma sígarettupakkanum sínum í bílnum og klukkutíma síðar var leigubílstjórinn kominn upp á stöð. Þegar Kolfinna spurði af hverju hún hefði ekki vitað af þessu fyrr svaraði hann að þau hétu ekki leynilögreglan fyrir ekki neitt).

Þegar Kolfinna var komin í andyrið hjá bíóinu sagði Viktoría henni að fara inn í salinn. Hún sýndi nafnspjaldið sitt til að verða ekki stoppuð.

„Leynilögreglan, þarf að taka smá eftirlit hérna,“ sagði hún og maðurinn sem tók á móti miðunum vék frá. Þegar hún var komin inn spurði hún Viktoríu hvert hún ætti að fara næst.

„Kíktu inn í sal tvö,“ svaraði hún og Kolfinna reif upp hurðina og gekk inn. Inni var Shape Of Water í gangi og Kolfinnu langaði helst að staldra við og horfa á myndina en reyndi að beina athyglinni ekki að skjánum, „ekkert nema snortnir unglíngar, ég hugsa að stórglæpamenn myndu ekki byggja sér fylgsni þar sem fólk kemur sífellt út og inn“.

Viktoría hikaði.



„Það eru fimm staðir þar sem mögulegt er Andrew sé með geymslu, þetta var einn þeirra,“ sagði hún. „Jæja, ekki bíó. Hvar er næsti möguleiki?“

Kafli 3

Endilega þurfti annar möguleikinn að vera búðin sem henni líkaði minnst við. Sögur af barnaþrælkun til að búa til fötin þar höfðu beinlínis heltekið hana þegar búðin opnaði á Íslandi og núna hafði hún virkilega mikla andstyggð á henni. Samt þaut hún inn, fram hjá öllum flíkum og stoppaði rétt hjá kassanum.

„Hvert nú?“ spurði hún og Viktoría sagði henni að biðja um að fá að fara inn í geymsluna eða eitthvað svoleiðis. Þegar Kolfinna var búin að ryðjast fram hjá fólkinu í röðinni og afsaka sig fimm sinnum (þótt hún hefði helst viljað fara með ræður um barnaþrælkun) komst hún loks að afgreiðslukonunni sem var ljóshærð kona og



tuggði stórt tyggjó sem hún hefði getað fundið lyktina af í fjögurra metra fjarlægð. Kolfinna spurði hvar geymslurnar væru og konan benti þreytulega í áttina að búningsklefunum.

„Ólafía fer með þig þangað,“ sagði hún og sneri sér að næsta kúnna. Kolfinna flýtti sér að klefunum þar sem kona um fimmtugt stóð og raðaði upp stafla af fötum.

„Ég þarf að finna geymslu eða fataverk-smiðju,“ sagði hún.

„Í hvaða erindum ertu komin?“ spurði konan og það nægði Kolfinnu að minnast á leynilög-regluna og konan benti henni að koma með sér. Hún fór með henni í stórt rými þar sem Kolfinna sá fatastafla, herðartré og skókassa, lengra en augað eygði.

„Varstu að leita að þessu?“ spurði konan.

„Leyfðu mér aðeins að litast um hérna,“ svaraði Kolfinna og gekk inn án þess að bíða eftir svari. Þegar hún kom lengra inn kom hún auga á hálfopnar dyr sem vöktu með henni grunsemdir. Opnar dyr voru alltaf merki um



eitthvað grunsamlegt fyrir hana og hún talaði nú ekki um ef þær voru opnar í hálfra gátt. Hún læddist hljóðlega að þeim og gægðist varlega inn.

Inni var allt svart fyrir utan einn pínulítinn glugga í loftinu sem varpaði daufri ljóstýru á steingrátt gólfið. Kolfinna gekk inn eins hljóðlega og hún gat og þreifaði eftir ljósrofa. Allt í einu fann hún eitthvað, ýtti á það svo að það heyrðist smellur og lítið en sterkt ljós kviknaði í loftinu. Nú gat hún séð að það var ekkert þarna nema fatahengi og umbúðir af snyrtivörum.

„Nei ókei, ekkert að sjá hér,“ sagði hún og gekk út úr herberginu.

„Viktoría, hvert næst?“ Kolfinna bar hendina upp að hægra eyranu.

„Bílakjallarinn. Þar á að vera lokað út af viðgerðum og það gæti verið Andrew,“ svaraði Viktoría. Auðvitað, hvers vegna ætti einhver glæpamaður að eiga byssugeymslu eða bæki-stöðar í verslunum í verslunarmiðstöð. Eini viturlegi staðurinn væri auðvitað neðanjarðar



og enn þá meiri líkur ef hann var lokaður. Kolfinna hljóp niður rúllustiga sem leiddi niður í kjallara.

Þegar hún kom að dyrunum voru þær læstar og málaðar svartar svo að ekkert sást í gegnum. Já, þeir voru örugglega þarna. Kolfinna tók upp svissneskan vasahníf, dró upp skrúfjárnid og reyndi að opna dyrnar. Eftir nokkrar árangurslausar tilraunir ákvað hún að reyna að taka húninn af hurðinni. Hún sneri skrúfjárninu eins fast og hún gat en skrúfan haggadist ekki. Hún dró upp hnífinn og reyndi að nota hann sem kúbein en það virkaði ekki sama hvernig hún juðaði honum fram og aftur.

Á endanum gafst hún upp og hallaði sér upp að hinni hurðinni. Allt í einu tók hún eftir því að þegar hún gerði þetta opnuðust dyrnar um tæplega einn sentimetra. Þegar hún sá þetta tók hún tilhlaup og skellti sér á hurðina eins fast og hún gat. Við það opnuðust dyrnar alveg. Hurðunum hafði verið læst með því að setja járntein undir hurðarhúnana hinum megin.



Hann hafði greinilega ekki verið festur nógu vel svo að Kolfinna náði honum úr öðrum húninum.

Þannig opnuðust báðar hurðirnar og Kolfinna gat gengið inn. Og það gerði hún líka en áður en hún gat gengið fjögur skref inn og gert sér grein fyrir hvað væri þarna inni, heyrði hún rödd Óskars.

„Kolfinna, alls ekki opna dyrnar!“ sagði hann og það var óróleiki í röddinni. „Óskar? Af hverju ert þú ... af hverju ekki?“ spurði Kolfinna en hún gat ekki klárað setninguna því einhver greip fyrir vitin á henni aftan frá og hún fann stingandi sársauka þegar nál stakkst í hana.

„Good night,“ sagði karlmaður með breskan hreim fyrir aftan hana. Það síðasta sem hún gat hugsað áður en hún féll í yfirlíð var nafn eftirlýsts morðingja frá London. Andrew!



Kafli 4

Það fyrsta sem hún sá var vasahnífurinn djúpt í lærinu. Fyrst þegar Kolfinna tók eftir honum fann hún fyrir honum. Honum hafði verið stungið í gegnum staðsetningar-sígarettupakkann og þar með skemmt hann svo enginn gat vitað hvar hún væri. Hún öskraði en öskrið var kæft með tusku sem var bundin fyrir munn hennar. Þegar hún leit upp sá hún ekkert nema lítinn glugga í loftinu sem varpaði daufri ljóstýru á steingrátt gólfið.

Geymslan í búðinni, hugsaði hún og yggldi brýrnar. Hún hafði sjálf litið þangað inn og ekki séð neitt grunsamlegt. Hún reyndi að losa hnútinn sem hafði verið hnýttur með snæri um hendurnar á henni en við það hertist hann bara svo að hún hætti fljótt við. Allt í einu heyrði hún smell og lítið en sterkt ljós kviknaði í loftinu. Þetta var alveg greinilega geymslan. Hún tók eftir hreyfingu skammt frá sér og heyrði fótatak.

„Kolfinna ...! Kolfinna, heyrirðu í mér?“ Þetta var rödd Óskars. Hvað er hann að gera hér?



hugsaði Kolfinna en minntist síðan heyrnar-tækjanna. Hún gaf frá sér lága stunu sem hljómaði bæði eins og hún væri að biðja um hjálp og sársaukastuna þannig að maðinn sem var að ganga í áttina til hennar myndi ekki gruna neitt. Alveg rétt, maðurinn.

„Góðan dag,“ sagði hann á ensku og settist á stól fyrir framan hana. Þetta var Andrew. Hann færði sig nær og horfði glottandi á Kolfinnu.

„Gettu hvað ég ætla að gera við þig. Ó, alveg rétt, sorri, þú getur ekki talað,“ sagði hann kaldhæðnislega og hló köldum hlátri. Kolfinnu langaði helst að æla á hann eða eitthvað því um líkt.

„Ég ætla nefnilega að leika mér með þér ... nei, ég meina með þig.“ Kolfinna fékk hroll við tilhugsunina um Andrew að leika sér að henni. Hún beit fast í tuskuna og fann blóð-bragð upp í sér.

„Kolfinna, hvað var þetta? Segðu mér hver þessi maður er Kolfinna,“ rödd Óskars ómaði aftur í höfðinu á henni. Kolfinnu langaði til þess



að svara en gat það ekki og ef hún hefði getað það hefði henni verið hollast að gera það ekki með brjálaðan morðingja fyrir framan sig. Allt í einu tók hún eftir að glottið á andliti Andrews var þurrkað út.

„Hver var þetta?“ spurði hann og það vottaði fyrir hræðslu og óöryggi í röddinni. Hann gekk að Kolfinnu og reif heyrnataekið úr eyranu á henni. Hún fylltist hræðslu og bölvaði Óskari í hljóði. Andrew ýtti á takka og rödd Óskars bergmálaði um allt herbergið

„Kolfinna, hver var þetta?“ Andrew endurheimti glottið þegar hann heyrði nafnið á fanganum sínum.

„Kolfinna,“ sagði hann með pirrandi miklum breskum hreim. Hann bar heyrnartækið upp að vörinum: „Segðu bless bless við Kolfinnu.“ Kolfinna heyrði í Óskari öskra hinum megin á línuni.

„Kolfinna? Andrew, ekki gera þetta,“ hrópaði hann á ensku.



„Haha,“ hló Andrew, „hann þekkir nafnið mitt.“ Kolfinna öskraði á hjálp þegar hann tók upp byssu og beindi henni að höfði hennar. „Say bye bye,“ sagði hann og hleypti af.

Óskar kallaði nafn Kolfinnu. „Kolfinna! Andrew, you don't want to do this!“ Hann var orðinn æstari en hann hafði nokkurn tímann verið. Hann var ekki bara að láta stórglæpamann ganga sér úr greipum heldur var hann líka að missa samstarfsfélaga sem hefði getað orðið vinur hans. Allt í einu heyrði hann skothvell og honum leið eins og hann hefði orðið fyrir skotinu sjálfur. Eins og hann væri dáinn. Eins og Kolfinna. Óskar öskraði.



ISBN 978-9979-0-2237-4

Menntamálastofnun, KrakkaRÚV og Sögur – samtök um barnamenningu standa að verkefninu Sögur. Einn liður í verkefninu er að hvetja börn til lesturs og skapandi skrifa. Smásagnasamkeppni fór fram á vef KrakkaRÚV og voru 34 sögur, eftir 5-12 ára börn, valdar til útgáfu í þessari rafbók.

Ingibjörg Ösp Óttarsdóttir, Kristín Viðarsdóttir, Margrét Tryggvadóttir og Markús Már Efraím sinntu því erfiða verkefni að velja úr þeim fjölmörgu sögum er bárust.

Formáli: Gunnar Helgason rithöfundur

Ritstjórn: Heiðrún Scheving Ingvarsdóttir og Markús Már Efraím

Málfarslestur: Ingólfur Steinsson

Hönnun og umbrot: Menntamálastofnun

Útgefið 2018
Menntamálastofnun
Kópavogi
Öll réttindi áskilin



m MENNTAMÁLASTOFNUN

401444

